# FRÉTTABLAÐIÐ

96. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 25. APRÍL 2018


# Miðflokkurinn og VG hnífjöfn í nýrri könnun

**Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur í borginni í nýrri könnun Fréttablaðsins og frettabladid.is. Allt að sjö framboð gætu fengið kjörna fulltrúa. Næstum átta prósent þeirra sem taka afstöðu nefna önnur framboð en þau sem myndu fá kjörna fulltrúa.**

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með ríflega 30 prósent fylgi í nýrri könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert á meðal kjósenda í Reykjavík. Hann yrði stærsti flokkurinn í Reykjavík ef þetta yrðu niðurstöðurnar. Samfylkingin fylgir fast á hæla honum með tæplega 26 prósent fylgi. Píratar eru þriðji stærsti flokkurinn með tæplega 11 prósent fylgi. VG og Miðflokkurinn mælast svo með tæplega átta prósent fylgi og Viðreisn með rúmlega sjö prósent. Framsóknarflokkurinn mælist með 3,6 prósent fylgi.

Yrðu þetta niðurstöðurnar fengi Sjálfstæðisflokkurinn átta menn kjörna, Samfylkingin fengi sjö menn, Píratar, VG og Miðflokkurinn fengju tvo menn hver. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins gæti Viðreisn fengið tvo menn kjörna. Hins vegar er Framsóknarflokkurinn hársbreidd frá því að ná öðrum manninum af Viðreisn og yrði það þá eini maðurinn sem Framsóknarflokkurinn fengi kjörinn.

Með þessar niðurstöður er ljóst að þeir flokkar sem mynda meirihlutann í borgarstjórn og bjóða fram lista í vor, það er Samfylkingin, Píratar og VG, myndu fá ellefu menn kjörna af 23. Það þýðir að þeir myndu þurfa að fá fjórða flokkinn til liðs við sig til að ná meirihluta.

Allt að sautján framboð hyggja á framboð í borgarstjórnarkosningunum 26. maí. Af öðrum framboðum má nefna að Kvennaframboðið nýtur 1,4 prósenta stuðnings í könnuninni, Sósíalistaflokkurinn er með eitt prósent og Flokkur fólksins eitt prósent. Önnur framboð eru með minni stuðning. Það vekur hins vegar athygli að samtals nefna 7,4 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni önnur framboð en þau sem myndu fá kjörna menn.

**Könnun 24. apríl**




**23**

**borgarfulltrúar verða kjörnir í kosningunum sem fara fram þann 26. maí.**

Hringt var í 1.017 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki 24. apríl. Svarhlutfallið var 78,8 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 50,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 11,3 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 16,6 prósent sögðust óákveðin og 21,3 prósent vildu ekki svara spurningunni. – **jhh**



**Það var ekki glæsileg aðkoma sem blasti við í húsnæði Geymslna í Miðhrauni í gær. Eigendur muna í geymslum fyrirtækisins gátu þá komið og skoðað hvort eigur þeirra væru heilar eða skemmdar. Tjónið er gífurlegt en talið er að altjón hafi orðið á efri hæð hússins. Eigandi Geymslna er Securitas.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lífeyrissjóðirnir vilji ekki missa HB Granda úr Kauphöllinni

**VIÐSKIPTI** Ólíklegt þykir að lífeyrissjóðir í hópi stærstu hluthafa HB Granda ákveði að taka yfirtökutilboði Brims og selja sinn hlut í félaginu. Viðmælendur Markaðarins í röðum sjóðanna segja vilja ekki standa til þess að eina sjávarútvegsfyrirtækið á hlutabréfamarkaði hverfi af markaðinum. Eins benda þeir á að eina leiðin fyrir sjóðina til þess að koma að grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar sé að eiga hlut í HB Granda.

Með kaupum Brims á þriðjungshlut í HB Granda skapast veruleg tækifæri til hvors tveggja sóknar og samlegðar. „Hann [Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims] hefur náð gríðargóðum árangri í umbreytingaverkefnum í sjávarútvegi og þekkir bransann afar vel," segir Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Markó Partners.

– **hae, kij / sjá Markaðinn**



**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Formaður félags fanga kveðst kosta skattgreiðendur 134 milljónir. **11**

**SPORT** Rúnar tekur við Stjörnunni eftir sex ár í Þýskalandi. **13**

**LÍFIÐ** Allar líkur eru á að meðlimir Guns N' Roses – þeir Slash, Axl Rose, Duff McKagan og föruneyti muni dvelja á landinu eftir tónleikana. **22**

**MARKAÐURINN** Eignarhaldsfélagið Hótel 1919, sem heldur utan um rekstur Hótel Radison Blu í Pósthússtræti, skilaði tapi á síðasta ári.

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Norðlæg eða breytileg átt, 5-13 m/s, hvassast V-lands. Skúrir S-til á landinu, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti frá frostmarki í innsveitum norðaustanlands, upp í 8 stig suðvestan til að deginum. SJÁ SÍÐU 16

# Klæðning Perlunnar torveldaði slökkvistarfið



Allt tiltækt lið slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu var sent að Perlunni á þriðja tímanum í gær vegna elds. Greiðlega gekk að rýma húsið. Birgir Finnsson aðstoðarslökkviliðsstjóri telur tjónið vera talsvert. Rífa hafi þurfti eitthvað af klæðningunni sem og þakið á tankinum sem eldurinn kom upp í til að slökkva í öllum glæðum. Þá gæti dýr tölvubúnaður sem settur var upp fyrir fyrirhugaða sýningu hafa skemmst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Framsalskrafa á Sindra tekin fyrir í dag

**LÖGREGLUMÁL** Dómari í Amsterdam í Hollandi ákvað í gær að taka sér sólarhringsfrest til að taka afstöðu til gæsluvarðhaldskröfu saksóknara yfir Sindra Þór Stefánssyni, sem strauk frá Sogni í síðustu viku og var handtekinn í Amsterdam fyrir helgi. Hann ákvað hins vegar að Sindra yrði gert að sæta haldi þar til úrskurður liggur fyrir.

Þetta staðfestir Þorgils Þorgilsson, verjandi Sindra, í samtali við Fréttablaðið. Ekki var tekin fyrir framsalskrafa íslenskra lögregluyfirvalda, en búist er við að það verði gert í dag.

Líkt og greint hefur verið frá, var enginn gæsluvarðhaldsúrskurður í gildi þegar Sindri Þór strauk úr fangelsinu. Dómari við héraðsdóm hafði ákveðið að taka sér sólarhringsfrest til þess að taka afstöðu til kröfunnar, og skiptar skoðanir eru um hvort Sindri hafi verið frjáls ferða sinna eða ekki. **– sks**

**» Enginn gæsluvarðhaldsúrskurður var í gildi þegar Sindri Þór strauk úr fangelsinu að Sogni.**

## Maður lést á Heimakletti

**ANDLÁT** Maður lést á Heimakletti í Vestmannaeyjum í gær. Hann var úrskurðaður látinn á vettvangi eftir að endurlífgunartilraunir báru ekki árangur. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu í Vestmannaeyjum var hann fluttur á sjúkrahúsið þar. Maðurinn hafði verið í göngu með hópi fólks og fékk skyndilega aðsvif og missti þannig meðvitund. Staðurinn er vinsæll göngustaður meðal heimamanna. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út seinni partinn í gær vegna mannsins. **– la**

## Vilja ókeypis mat í skólum

**STJÓRNMÁL** Miðflokkurinn vill forgangsraða fjármagni borgarinnar í grunnþjónustu og margfalda húsnæði fyrir ungt fólk og fjölskyldur í úthverfum.

Þá vill hann bjóða upp á gjaldfrjálsan mat í grunnskólum, tvöfalda upphæð frístundakortsins, fjölga kennslustundum í list-, verk- og tæknigreinum í skólum og efla Vinnuskólann með fjölbreyttu úrvali. Þetta var kynnt á blaðamannafundi flokksins í gær.

Flokkurinn vill einnig skipuleggja svæði fyrir þjóðarsjúkrahús að Keldum og standa vörð um að flugvöllurinn verði áfram í „hjarta allra landsmanna“ í borginni.

Einnig vilja þau gjaldfrjálsan strætó fyrir alla sem eiga lögheimili í borginni. **– la**



**Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins.**

EFLING STÉTTARFÉLAG

**AÐALFUNDUR**
**Eflingar-stéttarfélags 2018**

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags 2018 verður haldinn á Grand Hótel **fimmtudaginn 26. apríl 2018.** Fundurinn hefst kl. 20.00.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1/Guðrúnartúni 1 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 18.apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

*Stjórn Eflingar-stéttarfélags*

# Gangan trekki fleiri að en Aldrei fór ég suður

**Fossavatnsgangan á Ísafirði verður haldin um helgina. Keppnin hefur vaxið hratt síðustu ár og er nú hluti af alþjóðlegri mótaröð skíðagöngumanna. Ein stærsta ferðamannahelgi á Ísafirði, en um 500 erlendir keppendur mæta til leiks.**

**ÍSAFJÖRÐUR** „Þessi ganga er eiginlega orðin að bæjarhátíð sem byrjar seinni part fimmtudags með fjölskyldu- og barnagöngu. Síðan er stóri dagurinn á laugardeginum. Það eru 650 þátttakendur sem geta tekið þátt hverju sinni, nú er rétt rúmlega uppselt og búið að vera svo í rúman mánuð,“ segir Daníel Jakobsson, einn forsprakka Fossavatnsgöngunnar á Ísafirði, sem hefur á síðustu árum fest sig í sessi sem einn stærsti íþróttaviðburður hér á landi.

Fossavatnsgangan sem keppnisgrein í skíðagöngu var fyrst gengin árið 1935. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og nú er svo komið að um fimm hundruð útlendingar gera sér ferð hingað til lands gagngert vegna mótsins. Allt í allt verða keppendur um þúsund talsins en keppt er í nokkrum vegalengdum. Lengsta gangan er 50 kílómetrar og er hún hluti af alþjóðlegri mótaröð svo að mótaröðin er nokkuð vel þekkt meðal erlendra skíðagöngumanna.

Allir skíðagöngumenn, vanir sem óvanir, geta fundið eitthvað við sitt hæfi þessa helgi þar sem keppt er í mismunandi vegalengdum líkt og áður kom fram. Daníel segir þessa helgi vera orðna eina af þeim stærstu fyrir vestan ár hvert.

„Þetta er náttúrulega stærsti viðburðurinn okkar og langstærsta helgin hjá okkur. Hér er öll gisting uppurin og þetta er afar mikilvæg helgi fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu á svæðinu. Jafnvel er þetta orðið stærra en páskarnir hér á Ísafirði,“ útskýrir Daníel en líkt og alþjóð er kunnugt um fer tónlistarhátíðin



**Þrír verðlaunahafar af Ólympíuleikum mæta í Fossavatnsgönguna í ár. Tveir koma frá Rússlandi en einn frá Sviss.** FRÉTTABLAÐIÐ/GUSTI.IS

**Það er í það heitasta en nægur snjór. Nú er spáð næturkulda fram undan svo aðstæðurnar verða frábærar um helgina ef spáin heldur.**



Daníel Jakobsson, einn forsprakka Fossavatnsgöngunnar á Ísafirði

Aldrei fór ég suður fram um páskana í bænum, sem ætíð trekkir vel að á Ísafirði.

Þá mæta þrír verðlaunahafar af Ólympíuleikum í Fossavatnsgönguna þetta árið. Tveir rússneskir skíðagöngugarpar mæta til leiks en einnig svissneskur keppandi sem var annar í skíðaskotfimi á Ólympíuleikum árið 2014.

„Í skíðagönguheiminum erum við með nokkur stór nöfn og það er frábært. Færið er reyndar ekki upp á marga fiska í augnablikinu. Það er í það heitasta en sem betur fer er nægur snjór. Nú er spáð næturkulda fram undan svo aðstæðurnar verða frábærar um helgina ef spáin heldur,“ segir Daníel að lokum.

**sveinn@frettabladid.is**

**RENAULT**
Passion for life

# Nýr Renault CAPTUR

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.**

RENAULT CAPTUR ZEN

**Verð: 2.750.000 kr.**

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM87071

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Tilefni árásarinnar í Toronto enn á huldu

**KANADA** Enn er ekki vitað hvað hinum 25 ára gamla Alek Minassian gekk til þegar hann ók sendiferðabíl sínum á miklum hraða á hóp fólks í Toronto í Kanada á mánudag. Minassian er gefið að sök hafa myrt tíu manns og sært fimmtán til viðbótar.

Mark Saunders, lögreglustjóri í Toronto, sagði í gær að um viljaverk hefði verið að ræða, en óvíst væri hvort það hefði verið hryðjuverk. Ódæðismenn Íslamska ríkisins hafa ítrekað beitt svipuðum aðferðum, þar á meðal í Nice, Berlín, Barcelona og Lundúnum. Saunders sagði rannsóknina vera á fyrstu stigum og mikið verk væri óunnið. Aðspurður um það hvort hryðjuverk hefði verið útilokað svaraði Saunders: „Við höfum ekki útilokað neitt.“

Hann vakti athygli á því að enn ætti eftir að bera kennsl á stóran hluta þeirra sem létu lífið í ódæðinu.

Lögreglumaðurinn sem handsamaði Minassian er sagður hafa unnið mikið afrek. Minassian sagðist vera vopnaður og biðlaði til lögreglumannsins um að skjóta sig í höfuðið. „Mér er alveg sama, leggstu niður,“ svaraði lögreglumaðurinn.

Atvikið átti sér stað skammt frá miðborg Toronto en þar munu utanríkisráðherrar sjö helstu iðnvelda heims funda vegna boðaðs leiðtogafundar í Quebec í júní. **– khn**



**Íbúar Toronto votta fórnarlömbunum virðingu sína.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Páll Valur leiðir í Grindavík

**GRINDAVÍK** Páll Valur Björnsson leiðir lista Samfylkingarinnar í Grindavík fyrir komandi sveitarstjórnarkosningarnar. Páll Valur hafði áhyggjur af því fyrr í vor að illa gengi að fá fólk í framboð fyrir Samfylkinguna í Grindavík eins og hann lýsti á opnu spjallsvæði flokksins á Facebook 10. apríl síðastliðinn.



**Páll Valur Björnsson, fyrrverandi þingmaður Bjartrar framtíðar, leiðir lista Samfylkingarinnar í Grindavík í vor.**

Nú hefur birt til hjá Samfylkingunni og listi flokksins er að taka á sig mynd, segir Páll Valur í samtali við Fréttablaðið og býst við að listinn verði kynntur síðar í dag.

Sjö bæjarfulltrúar eru í Grindavík og eiga Sjálfstæðisflokkur og Flokkur Grindverja í meirihlutasamstarfi í bænum. **– aá**

## Ákærður fyrir brot gegn fimm börnum

**LÖGREGLUMÁL** Fyrrverandi starfsmaður barnaverndar Reykjavíkur, sem sætt hefur gæsluvarðhaldi undanfarna mánuði vegna gruns um kynferðisbrot gegn sjö börnum, hefur verið ákærður fyrir brot gegn fimm þeirra. Þetta má lesa út úr úrskurði Héraðsdóms Reykjaness sem úrskurðaði manninn í gæsluvarðhald til 11. maí. Landsréttur staðfesti úrskurðinn í fyrradag. Maðurinn hefur staðfastlega neitað sök. Fram kemur í úrskurðinum að brotin eigi að hafa verið framin á árunum 1998 til ársins 2008. Í úrskurðinum kemur fram að maðurinn sætti gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna frá 19. janúar til 16. febrúar. Allt frá þeim tíma hefur hann sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna. **– jhh**

# Hvetur deiluaðila til sátta enda ótækt að ástandið vari lengi

**Viðbúið er að senda þurfi nýbakaðar mæður fyrr heim en áður eftir að sjálfstætt starfandi ljósmæður hættu að sinna heimahjúkrun. Líklegt að rými kvennadeildar Landspítalans fyllist og að grípa verði til forgangsröðunar. Framkvæmdastjóri hjúkrunar hvetur deilandi aðila til samninga til að tryggja örugga þjónustu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er ekki hægt að fresta fæðingum. Við getum ekki leyft þessu ástandi að vara lengi. Við verðum að tryggja þjónustu og þjónusta verður ekki tryggð nema með fagfólki,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum.

Sjálfstætt starfandi ljósmæður sem sinnt hafa heimaþjónustu við nýbakaðar mæður tilkynntu um helgina að þær myndu ekki halda áfram sinni þjónustu meðan samningar nást ekki við Sjúkratryggingar Íslands um hana. Skerðing heimaþjónustunnar hófst í fyrradag.

Um leið og þetta var ljóst fól velferðarráðuneytið Landspítalanum og öðrum heilbrigðisstofnunum að sinna þjónustu við sængurkonur sem áður var í höndum sjálfstætt starfandi ljósmæðra. Í yfirlýsingu frá spítalanum segir að spítalinn muni sinna verkefninu eftir bestu getu þar til deilan leysist. Staðan muni skapa mikinn vanda sem bætist við þann vanda sem fyrir er vegna kjaradeilu ríkisins og Ljósmæðrafélags Íslands.

„Tuttugu ljósmæður af þeim 150 sem starfa hjá okkur hafa sagt upp og taka fyrstu uppsagnirnar gildi hinn 1. júlí. Enn sem komið er finnum við ekki fyrir því. Við bindum vonir við að það verði búið að semja áður en til þess kemur,“ segir Sigríður.

Afleiðingar þeirrar stöðu sem er komin upp er sú að Landspítalinn mun þurfa að forgangsraða þegar kemur að þjónustu og rýmum. Veikar konur og börn munu vera í forgangi þar. Því gæti sú staða komið upp að senda þurfi aðrar nýbakaðar mæður fyrr heim til sín en ella. Þeim yrði þá bent á að leita á heilsugæslu varðandi eftirfylgni.

„Fyrirkomulagið eins og það hefur verið hefur gefist mjög vel. Flestar konur hafa getað farið fljótt heim og fengið þjónustu heima. Þessi staða gæti þýtt að þær þurfi að vera lengur hjá okkur. Það er viðbúið að það fyllist fljótt hér hjá okkur,“ segir Sigríður.




**Landspítalinn mun koma til með að þurfa að forgangsraða rýmum og þjónustu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er viðbúið að það fyllist fljótt hér hjá okkur**
>
> Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar



Landspítalinn er ekki aðili að deilunum sem standa yfir. Spítalinn leggur ofuráherslu á að það sé hlutverk samningsaðila að sýna ábyrgð og leysa þann ágreining sem ríkir. Næsti fundur í kjaradeilunni fer fram hjá ríkissáttasemjara á morgun en undanfarnar vikur hefur verið fundað án árangurs. Enn virðist langt á milli deiluaðila. Ástandið er að mörgu leyti eldfimt enda stutt síðan bundinn var endir á verkfall ljósmæðra með gerðardómi.

„Við þurfum að hafa fullnuma fólk á öllum póstum hjá okkur. Það er nauðsynlegt að það séu virkir samningar fyrir þá aðila sem starfa í heilbrigðisþjónustunni. Allar kjaradeilur setja þjónustuna í ákveðið uppnám. Samningsaðilar þurfa að sýna ábyrgð til að tryggja að það gerist ekki,“ segir Sigríður.

**joli@frettabladid.is**




# VR velur úr sex tilboðum um íbúðarhús

**HÚSNÆÐISMÁL** „Það eru allavega sex álitlegir kostir að vinna með áfram,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR. Félagið auglýsti í byrjun apríl eftir fjölbýlishúsi til kaups á höfuðborgarsvæðinu. Frestur til að gera tilboð rann út á sunnudaginn. Íbúðirnar eru ætlaðar til leigu fyrir félagsmenn VR.

Ragnar segir upplýsingar um upphæðir tilboðanna ekki liggja fyrir að fullu. „Það eru þarna verkefni sem eru í undirbúningi, í smíðum eða á teikniborðinu. Í framhaldinu munum við kalla til þá aðila sem sýndu áhuga og fara betur yfir tölur og útfærslur og fleira,“ segir Ragnar. Hann segir að VR vilji fá íbúðirnar fullbúnar með gólfefnum og tækjum og fleiru. „Þannig að það er að ýmsu að huga en það eru spennandi tímar fram undan. Það eru þarna nokkur verkefni sem mér líst mjög vel á,“ segir hann.



**Verð húsanna liggur ekki fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það eru þarna verkefni sem eru í undirbúningi, í smíðum eða á teikniborðinu. Í framhaldinu munum við kalla til þá aðila sem sýndu áhuga.**
>
> Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Ragnar segir að í fyrstu sé verið að leita að 20 til 40 íbúða húsnæði. „Síðan reynum við að halda áfram og efla þetta.“ Hann segir að verkefnið verði fjármagnað úr sjóði sem heitir Félagssjóður. Sá sjóður geymir uppsafnaðan rekstrarafgang félagsins og er ótengdur öðrum sjóðum eins og sjúkrasjóði eða verkfallssjóði. **– jhh**




ENNEMM / SÍA / NM86320

# PLUG-IN HYBRID OG FJÓRHJÓLADRIF

## MINI COUNTRYMAN ER FULLKOMINN FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

VERÐ 5.490.000 KR.

MINI

www.mini.is

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR




**Aðgerðin er sú umfangsmesta sinnar tegundar.** FRÉTTABLAÐIÐ/JH

# Ungur hermaður fékk ný kynfæri í sögulegri aðgerð

**LÆKNAVÍSINDI** Ungur bandarískur hermaður, sem missti kynfæri sín í sprengjuárás í Afganistan gekkst undir skurðaðgerð á John Hopkins-spítalanum í mars þar sem hann fékk nýjan getnaðarlim og pung.

Þetta er þriðja aðgerð sinnar tegundar sem heppnast en um leið sú umfangsmesta. Læknateymið, sem skipað var níu lýtalæknum auk annarra, var 14 klukkustundir að græða hluta af nýjum kvið á manninn. Ágræðslan vó 1,8 kílógrömm

Farsælar tilraunir til ágræðslu getnaðarlims hafa ekki fyrr tekið til pungs eða holds í kringum kynfærin. Maðurinn segir í samtali við New York Times hafa þurft að fara leynt með meiðsli sín og hafi skammast sín. „Ég átti erfitt með að líta á mig sem karlmann. Nú er ég heill á ný.“

Læknar á John Hopkins eru vongóðir um að maðurinn muni ná góðum bata. Á næstu mánuðum muni koma í ljós hvort hann muni fá tilfinningu aftur í kynfæri sín og nára.

„Við erum vongóð um að þessi ungi maður muni ná nánast fullum bata hvað varðar þvagfæri og kyngetu,“ sagði W. P. Andrew Lee, yfirlæknir lýtaaðgerða á John Hopkins. **– khn**


# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 26. apríl gefur Pósturinn út þrjú frímerki til að minnast merkisafmæla þ.e. 50 ára afmælis Norræna hússins, 100 ára kaupstaðarafmælis Siglufjarðarbæjar og 250 ára dánarafmælis Eggerts Ólafssonar. Einnig koma út ferðamannafrímerki og frímerki tileinkuð íslensku húsdýrunum og þátttöku Íslands á HM í fótbolta í sumar, en frímerkið er óður til stuðningsmanna landsliðsins og víkingaklappsins. Þá kemur út smáörk í tilefni norrænnar frímerkjasýningar, Nordia 2018, sem haldin verður í íþróttamiðstöðinni Mýrinni í Garðabæ 8.-10. júní n.k.



Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN




**Oddviti nýs framboðs í Eyjum, Fyrir Heimaey, er ánægð með niðurstöður könnunar Fréttablaðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fyrir Heimaey sækir stuðning til kvenna

**Oddviti nýs framboðs í Vestmannaeyjum vill aukið beint lýðræði. Bera eigi ákvörðun um rekstur Herjólfs undir íbúa í beinni atkvæðagreiðslu. Sitjandi bæjarstjóri segir slíkar hugmyndir billegar í ljósi þess hverjir skipa listann.**

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



„Þetta eru góðar vísbendingar. En það er langt í kosningar og þetta er gott veganesti inn í það,“ segir Íris Róbertsdóttir, oddviti hins nýja framboðs Fyrir Heimaey, um niðurstöður könnunar sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu og birt var í gær. Samkvæmt könnuninni fengi Sjálfstæðisflokkurinn rúm 41 prósent, Fyrir Heimaey fengi tæp 32 prósent og Eyjalistinn rúm 25 prósent. Niðurstöðurnar komu Elliða Vignissyni, bæjarstjóra Vestmannaeyja, ekki á óvart. „Þær eru nokkuð í takt við það sem við bjuggumst við. Við vissum að Sjálfstæðisflokkurinn er á leið í erfiðustu kosningar í áratugi.“

Mun meiri stuðningur er meðal kvenna við Fyrir Heimaey en meðal karla. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segjast tæplega 42 prósent kvenna ætla að kjósa Fyrir Heimaey en einungis rétt tæplega 25 prósent karla. Aftur á móti segjast 47 prósent karla ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en einungis rétt rúmlega 33 prósent kvenna.

### Mikil breyting ef af verður

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær sýnir nýja skoðanakönnunin að Fyrir Heimaey myndi fá tvo fulltrúa kjörna af sjö, ef kosið yrði nú. Með því næðu þrír flokkar kjöri í bæjarstjórn Vestmannaeyja í stað tveggja áður. Eyjalistinn myndi fá tvo menn en Sjálfstæðisflokkurinn þrjá. Það er talsvert breytt niðurstaða frá kosningum 2014, þegar Sjálfstæðisflokkurinn fékk fimm fulltrúa kjörna, en Eyjalistinn tvo.

Fyrir Heimaey leggur áherslu á aukið beint lýðræði við stjórn sveitarfélagsins. Fólk eigi að geta haft áhrif oftar en á fjögurra ára fresti. „Okkur finnst að fólk eigi að geta komið að ákvarðanatöku á milli kosninga í málum sem varða okkur miklu,“ segir Íris. Hún segir bæjarmálafélagið Fyrir Heimaey líka vera stofnað á grundvelli þess að fólk hafi meira val en áður var. „Það hafa verið tveir listar en núna eru þeir þrír. Þetta er fullt af flottu fólki og meira val,“ segir Íris.

Sem dæmi um mál sem mætti greiða atkvæði um í beinni atkvæðagreiðslu er sú ákvörðun bæjaryfirvalda að ganga til samningaviðræðna við ríkið um að bærinn taki við rekstri Herjólfs. „Þetta er stór ákvörðun og mér finnst að íbúarnir sjálfir eigi að fá að ákveða hvort þeir vilji bera ábyrgð á þessu sjálfir. Mér finnst þetta dæmi um slíkt mál.“

Varðandi rekstur Herjólfs segir Elliði að 4-500 íbúar hefðu samþykkt það á íbúafundi að falast eftir rekstri Herjólfs. „Ég hef aldrei heyrt að bera þurfi ákvörðun íbúafundar undir íbúakosningu. Mér finnst þetta vera billeg leið hjá framboðinu Fyrir Heimaey að mæta þeim veruleika að þeim lista sitja fjölmargir sem tengjast núverandi rekstraraðila.“

Miðað við niðurstöður könnunarinnar gæti nýja framboðið verið í oddastöðu eftir kosningar, unnið með Eyjalistanum og bundið þannig enda á tólf ára samfellda stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Eða starfað með Sjálfstæðisflokknum. Íris, sem er fyrrverandi varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, svarar því ekki skýrt hvernig meirihluta hún vill mynda að loknum kosningum. „Við viljum bara ná fram þessum breytingum og ég myndi vilja mynda meirihluta með þeim sem væri tilbúinn í að koma með okkur í það,“ segir Íris.

**Niðurstöður könnunarinnar skiptar eftir kynjum**




> Við vissum að Sjálfstæðisflokkurinn er á leið í erfiðustu kosningar í áratugi.
>
> Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum



**Niðurstöður könnunar í heild**






## Passat GTE á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Á **Passat GTE** kemstu flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann sem fjarstýringu fyrir þinn Passat GTE. Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna.

### Passat GTE

**Bakkmyndavél, LED aðalljós, 17" álfelgur ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**3.990.000** kr.*

### Passat GTE Comfort

**Bílastæðaaðstoð, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**4.590.000** kr.

### Passat GTE Premium

**Sóllúga, WiFi, 18" álfelgur, leðursæti ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**5.290.000** kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

*Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr.

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Moon vill endurvekja sólskinsstefnuna

**Leiðtogafundur á Kóreuskaga hefst á föstudaginn. Kjarnorkumálin verða þar efst á baugi. Sáttastefnu Moon líkt við sólskinsstefnu fyrri forseta Suður-Kóreu. Íhaldsmönnum hefur þótt Moon sýna einræðisríkinu of mikla linkind. Fundinum verður sjónvarpað beint.**



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is




Allra augu beinast að þessum herramönnum um þessar mundir. Tveir þeirra ræðast við á morgun. NORDICPHOTOS/AFP

**KÓREA** Kim Jong-un og Moon Jaein, leiðtogar ríkjanna tveggja á Kóreuskaga, setjast niður saman í Friðarhúsinu Suður-Kóreumegin í landamærarabænum Panmunjom á föstudaginn. Bærinn liggur á landamærum Norður- og Suður-Kóreu og er einna helst þekktur sem vettvangur vopnahlésviðræðna sem lauk þann 27. júlí 1953.

Nú, rétt tæpum 65 árum síðar, munu augu heimsbyggðarinnar beinast að Panmunjom á ný. Á dagskrá viðræðna morgundagsins verður kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu og afkjarnorkuvæðing Kóreuskagans sem og samskipti ríkjanna tveggja. Þrátt fyrir ákall rúmlega 200 óháðra samtaka verða tíð mannréttindabrot einræðisstjórnarinnar í norðri ekki sett á dagskrá.

Fundinum verður sjónvarpað beint og hefur suðurkóreski miðillinn Chosun Ilbo greint frá því að Moon standi nú í ströngu við að æfa sig og undirbúa fyrir fundinn.

### Loforðaflaumur

Norður-Kórea hefur nú þegar lofað að hætta eldflauga- og kjarnorkutilraunum á meðan fundir standa yfir. Jafnframt lofað því að vilji sé fyrir algjörri afkjarnorkuvæðingu. Þá tilkynnti Norður-Kórea um það síðasta föstudag að ríkið ætlaði að loka kjarnorkutilraunasvæði.

Spurningarmerki hafa verið sett við heiðarleika einræðisstjórnarinnar. Bent hefur verið á að slík loforð hafi áður verið gefin. Mögulega sé Kim-stjórnin einungis að reyna að fá slakað á viðskiptaþvingunum sem nú séu að bera raunverulegan árangur. Hún hafi ekki í huga að losa sig við kjarnorkuvopnin í alvöru. Ekkert er þó ljóst í þessum málum.

### Óvæntar viðræður

Aðdragandi viðræðnanna var óvæntur. Eftir að Kim-stjórnin ærði alþjóðasamfélagið með tíðum eldflauga- og kjarnorkutilraunum á síðasta ári bjuggust fæstir við því að í viðræður sem þessar stefndi. Kim hafði þar að auki átt í hörðum deilum við Donald Trump, forseta Bandaríkjanna.

En með áramótaávarpi Kim, þar sem greina mátti sáttatón, þrátt fyrir að hann hafi reyndar nefnt kjarnorkuhnapp sinn, opnaðist gluggi fyrir Moon.

Moon var kosinn forseti á síðasta ári eftir að Park Geun-hye hrökklaðist frá völdum. Í kosningabaráttu sinni talaði Moon um að hann vildi bæta samskiptin við norðrið. Væri jafnvel tilbúinn til að heimsækja höfuðborgina Pjongjang sjálfur.

Þessi stefna er ekki óumdeild. Íhaldsmönnum hefur þótt Moon sýna einræðisríkinu of mikla linkind, sérstaklega í samanburði við harðlínustefnu Park-stjórnarinnar. En í ljósi þess að stefna Moon hefur nú stuðlað að leiðtogaviðræðum við Kim, sem og komandi viðræðum Kim og Trumps, má segja að hún hafi borið árangur. Að minnsta kosti enn sem komið er.

### Sólskinsstefnan snýr aftur

Þessari nýju sáttastefnu Moon hefur verið líkt við svokallaða sólskinsstefnu Kim Dae-jung og Roh Moohyun, forseta Suður-Kóreu frá 1998 til 2003 og frá 2003 til 2008. Moon er fyrsti frjálslyndi forseti Suður-Kóreu frá því Roh lét af störfum. Moon var raunar starfsmannastjóri forsetaembættisins í forsetatíð Roh ef út í það er farið.

Stefnan dró nafn sitt af dæmisögu Esóps um vindinn og sólina. Þar kepptust vindur og sól um að fá ferðalang til að taka af sér hempu sína. Boðskapurinn var sá að viðræður, það að reyna að sannfæra andstæðinginn, virki betur en valdbeiting. Sami boðskapur var kjarninn í sólskinsstefnu Kim og Roh.

Leiðarstefin voru þrjú. Í fyrsta lagi yrði norðrinu ekki leyft að ögra suðri með hótunum um hernaðaraðgerðir. Í öðru lagi myndi Suður-Kórea ekki reyna að innlima Norður-Kóreu. Í þriðja lagi myndi suðrið sækjast eftir samstarfi og friði á Kóreuskaga.

### Umdeild sólskinsstefna

Það var hins vegar ástæða fyrir því að sólskinsstefnan leið undir lok. Þessu mati lýstu þrír skýrendur Foreign Affairs á sínum tíma. Þótti stefnan of lin. Peningum væri dælt til einræðisstjórnarinnar á þeim grundvelli að mögulega væri hægt að múta Kim Jong-il, þáverandi einræðisherra og föður Jong-un, þar til hann myndi breytast. Var stefnan sögð ekki bara gagnslaus, heldur beinlínis siðferðislega röng. Kim-stjórnin hafi nýtt fjármagnið til að þróa kjarnorkuvopn.

Í grein sem Foreign Policy birti eftir að Moon náði kjöri í fyrra er þessi endurkoma sólskinsstefnunnar hins vegar varin. „Þrátt fyrir gallana náðist umtalsverður árangur með sólskinsstefnunni. Enn frekari árangur hefði getað náðst ef ekki hefði verið vikið frá henni,“ sagði í greininni.

### Jákvæðar afleiðingar

Einna mikilvægasta jákvæða afleiðing sólskinsstefnunnar þótti blaðamanni Foreign Policy vera smitun suðurkóreskrar menningar til norðurs. Ferðamenn hafi ferðast frá suðri til norðurs, íbúar ríkjanna hafi unnið saman á Kaesong-verksmiðjusvæðinu í norðri og þannig hafi Norður-Kóreumenn fengið að kynnast suðurkóreskri menningu. Það hafi leitt til þess að þeir efuðust í meiri mæli um ágæti einræðisstjórnarinnar.

Þá ber að nefna það sem sambærilegast er með sólskinsstefnu fyrri tíma og endurkomu hennar undir forystu Moon. Minnkandi ótta við að stríð brytist út á Kóreuskaga.

Nú mun Moon mæta Kim, með sólskinsstefnuna að vopni, og freista þess að fá einræðisherrann í norðri til þess að losa sig við gjöreyðingarvopn sín.

## Erfið samskipti frá lokum seinna stríðs

1945 1948 1950 1990 1994 1998 2000 2006 2007 2010 2011 2016 2017 2018

**1945** Kóreuskagi er frelsaður undan Japönum. Bandaríkjamenn stýra suðurhelmingnum og Sovétríkin norðurhelmingnum. Stefnt er að sjálfstæði Kóreu eftir fimm ár.

**1948** Kalda stríðið kemur í veg fyrir sjálfstæði sameinaðrar Kóreu. Suðurhlutinn kýs Syngman Rhee, harðan andstæðing kommúnisma, forseta á meðan Jósef Stalín skipar Kim Il-sung leiðtoga norðursins.

**1950** Kóreustríðið, leppstríð stórveldanna í austri og vestri, brýst út. Yfir þriggja ára tímabil farast um 2,5 milljónir almennra borgara. Stríðinu lýkur í pattstöðu og vopnahlé er undirritað. Þó ekki friðarsamningar. Á næstu áratugum mistakast allar tilraunir til þess að semja um frið og er togstreitan mikil.



Kim Il-sung.

**1990** Fyrsta norðurkóreska eldflaugin, Rodong, er prófuð.

**1994** Kim Il-sung deyr. Sonur hans, Kim Jong-il, tekur við. Sama ár semja Norður-Kóreumenn við Bandaríkin um að kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu verði sett á ís. Samkomulaginu er fylgt lauslega þar til því er hent algerlega út um gluggann árið 2003.

**1998** Kim Dae-jung verður forseti Suður-Kóreu og boðar sólskinsstefnuna. Hann fær Nóbelsverðlaun og stefnan ber nokkurn árangur.



Kim Dae-jung.



Kim Jong-il og Roh Moo-hyun á leiðtogafundi árið 2007.

**2000** Fyrsti leiðtogafundur Norður- og Suður-Kóreu. Kim Dae-jung hittir Kim Jong-il í Pjongjang. Samið er um 15. júní-samkomulagið sem felur í sér að sameiningu verði ekki náð fram nema þjóðin komi þar að, að sameining sé æskileg, fangaskipti og efnahags- og menningarsamstarf.

**2006** Norður-Kórea prófar sína fyrstu kjarnorkusprengju. Sameinuðu þjóðirnar samþykkja umfangsmiklar viðskiptaþvinganir. Þeim fjölgar mjög næstu árin á eftir.

**2007** Roh Moo-hyun, forseti Suður-Kóreu, fundar með Kim Jong-il í Pjongjang. Stuðningi lýst yfir við fyrra samkomulag og rætt um, þó án árangurs, að binda loks formlega enda á Kóreustríðið.

**2010** Lee Myung-bak, forseti Suður-Kóreu, segir endanlega skilið við sólskinsstefnuna. Norður-Kóreumenn granda suðurkóresku herskipi og drepa 46. Síðar sama ár skýtur norðurkóreskt stórskotalið að Jonpjong-eyju á Gulahafi og Suður-Kórea skýtur til baka. Togstreitan á Kóreuskaga eykst.

**2011** Kim Jong-il deyr og sonur hans, Kim Jong-un, tekur við völdum.



Kim Jong-il.

**2016** Norður-Kórea prófar í fyrsta sinn tvær kjarnorkusprengjur á sama ári. Eldflaugatilraunum fjölgar mjög.

**2017** Donald Trump verður forseti Bandaríkjanna og Moon Jae-in forseti Suður-Kóreu. Eldflaugatilraunum norðursins snarfjölgar og Norður-Kórea prófar sína langöflugustu kjarnorkusprengju til þessa. Bandaríkjaforseti hótar Kim eldi og brennisteini og Kim hótar að ráðast á bandarísku eyjuna Gvam.

**2018** Sáttatónn í nýársávarpi Kim. Norður-Kórea tekur þátt í Vetrarólympíuleikum í Suður-Kóreu. Suðurkóreskir erindrekar ferðast til norðurs og leiðtogafundir settir á dagskrá á milli Suður- og Norður-Kóreu sem og Norður-Kóreu og Bandaríkjanna.

# VERÐLAUNAHÖFUNDAR SKRIFA




## BLÓÐI DRIFIN SPENNA!

**Hörkuspennandi tryllir eftir Óskar Guðmundsson, höfund Hilmu, bestu íslensku glæpasögunnar 2016.**

**VILDARVERÐ: 3.199.-**
**Verð: 3.999.-**

**Blóðengill**

## KRIMMI Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI!

**„Spennandi og átakanleg glæpasaga eftir höfund sem án nokkurs vafa mun kveða mikið að í framtíðinni.“**

Úr umsögn dómnefndar um Svartfuglinn 2018




**VILDARVERÐ: 3.199.-**
**Verð: 3.999.-**



**Marrið í stiganum**

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 26. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Faraldur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ef ein af hverjum þremur íslenskum konum þyrfti að þola sama kvalafulla sjúkdóminn einhvern tímann á ævinni, margar ítrekað með ófyrirsjáanlegum og jafnvel banvænum afleiðingum, væri samfélagið fyrir löngu búið að taka höndum saman um að uppræta þennan sjúkdóm. Taka höndum saman og leggja allt í sölurnar óháð kostnaði og vandkvæðum þar til óvætturinn væri upprættur með öllu. Eða er það ekki?

Svarið er því miður nei. Í vikunni steig fram hópur kvenna á Facebook, undir merkjum #metoo-byltingarinnar, sem á það sameiginlegt að hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu einhvers nákomins. Í tilkynningu frá hópnum kemur fram að ein af hverjum þremur konum verður fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi einhvern tímann á ævinni. Þannig er ein af hverjum þremur konum ekki fórnarlamb sama sjúkdómsins heldur eins og sama sjúkleikans í fjölda karlmanna. Afleiðingarnar eru stórfelld skerðing á heilsu, lífsgæðum og jafnvel lífi og limum fjölmargra kvenna og barna þeirra. Þessu verður að linna.

Allt frá síðastliðnu sumri höfum við fylgst með róttækri femínískri byltingu undir myllumerkjunum #höfumhátt og #metoo. Byltingu sem hverri sómakærri manneskju ber að fagna og kynda undir vegna þess að hún er til góðs fyrir okkur öll. Markmið hennar er ekki og hefur aldrei verið að skipta um ríkisstjórnir eða hlutast til um stjórnmál heldur breyta innviðum samfélagsins til betri vegar. En það breytir því ekki að til þess að svo megi verða þá þurfa ríkjandi stjórnvöld hverju sinni að gripa til róttækra aðgerða. Úttektir, stýrihópar og langtímaaðgerðaáætlanir eru einfaldlega ekki nóg. Það þarf að grípa til aðgerða innan réttargæslukerfisins alls, koma hverju einasta fórnarlambi og aðstandendum til stuðnings og margfalda fræðslu innan hvers einasta skóla og vinnustaðar.

Markmiðið með þessum orðum er ekki að gera lítið úr því sem þegar er gert eða stendur til að gera, heldur einfaldlega að benda á þá staðreynd að það er ekki nóg. Ofbeldi karlmanna á hendur konum er sjúkleiki sem fer eins og faraldur um samfélagið með skelfilegum afleiðingum fyrir stóran hluta þjóðarinnar og við verðum að gera þá kröfu til ráðamanna að viðbrögðin séu í samræmi við það. Að ekkert sé til sparað til þess að uppræta þessa óáran með öllum ráðum og í þeim aðgerðum þurfum við að hafa í huga að þetta er alvarlegur heilbrigðisvandi sem er framkallaður af gerendum. Af karlmönnum sem beita konur ofbeldi.

Karlmenn sem beita konur ofbeldi eru ömurleg lítilmenni og rót vandans. Þeir eru vírusinn sem þarf að uppræta og það verður ekki gert með þeim vettlingatökum sem löngum hafa einkennt málaflokkinn. Til þess hljótum við að þurfa að horfa til hertra refsiheimilda og ekki síður lögbundinnar fræðslu fyrir þessa einstaklinga með það að markmiði að þeir geri sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og snúi lífi sínu til betri vegar. Slíkar aðgerðir þola enga bið því hér geisar faraldur.

> Ofbeldi karlmanna á hendur konum er sjúkleiki sem fer eins og faraldur um samfélagið með skelfilegum afleiðingum fyrir stóran hluta þjóðarinnar og við verðum að gera þá kröfu til ráðamanna að viðbrögðin séu í samræmi við það.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Gleymda hugsjónin**
**Ein af stærri fréttum síðasta árs var #metoo-byltingin, þar sem ofbeldi gegn konum var mótmælt. Umræðan heldur áfram og hún er tekin alvarlega. Með það í huga má velta vöngum yfir hve mikið var fagnað þegar spurðist út að hljómsveitin Guns N' Roses er á leið til Íslands og spilar á Laugardalsvelli í júlí. Guns N' Roses spila sannarlega góða tónlist. En fáar stórstjörnur hafa komist jafn oft á síður dagblaðanna vegna ásakana um ofbeldi gegn konum og einmitt söngvari hljómsveitarinnar Axl Rose. Þannig að það er spurning hvort vegur þyngra, ánægjan af tónlistinni eða #metoo-hugsjónin.**

**Góður granni**
**Það þótti svolítið einkennandi fyrir litla Ísland að gæsluvarðhaldsfangi, sem slapp laus, skyldi taka sér far með sömu flugvél og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra þegar hann flúði til Svíþjóðar. Einnig hefur verið sagt frá því í fréttum að eldur kviknaði í húsi á Óðinsgötu á laugardag. Nágrannar saka eigendur hússins um að stefna lífi og eigum íbúa í hverfinu í hættu, en eigendurnir segjast sjálfir hafa margoft reynt að bægja hústökufólkinu frá. Það er svo kannski aftur til marks um hve lítið Ísland er að í sömu götu og hústökufólkið hefst við býr borgarstjórinn sjálfur, Dagur B. Eggertsson.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Stórauknar fjárheimildir til umhverfismála



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Dagur umhverfisins er í dag haldinn hátíðlegur í tuttugasta sinn. Því er ekki úr vegi að víkja að áskorunum og tækifærum sem fram undan eru í umhverfismálum. Ég hef einsett mér að setja nokkur mál á oddinn í ráðherratíð minni: Loftslagsmál, náttúruvernd, plastmengun, neyslumál og aukna aðkomu almennings að ákvarðanatöku í umhverfismálum. Samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar verða framlög til umhverfismála aukin um 35% á næstu fimm árum miðað við árið 2017. Hér geri ég loftslagsmál og náttúruvernd að umtalsefni.

Stærsta áskorun samtímans er að halda meðalhlýnun jarðar á þessari öld innan við 2°C og helst innan við 1,5°C. Ríkisstjórn Íslands setur markið hátt og hyggst ná fram 40% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 og kolefnishlutleysi árið 2040. Í júní tekur Loftslagsráð til starfa, Loftslagssjóður verður settur á laggirnar á árinu til að styrkja nýsköpun og rannsóknir og unnið er að heildstæðri aðgerðaáætlun til að draga úr útlosun og binda kolefni í gróðri og jarðvegi. Á næstu fimm árum verður tæpum sjö milljörðum króna varið til loftslagsmála.

Náttúruverndin mun skipa stóran sess á kjörtímabilinu. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar kveður á um átak í friðlýsingum og stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands. Nýverið skipaði ég þverpólitíska nefnd um miðhálendisþjóðgarð. Mörg tækifæri fyrir byggðaþróun eru fólgin í þessari ráðstöfun, enda hafa rannsóknir sýnt að þjóðgarðar skila miklum tekjum í þjóðarbúið og til hinna dreifðu byggða. Samtímis verður að hlúa að ferðamannastöðum sem eru undir stöðugu álagi ferðamanna. Um það vitna nauðsynlegar lokanir svæða nú þegar frost er að fara úr jörðu. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er áætlað að auka fjárframlög til náttúruverndar um rúma sjö milljarða króna á næstu fimm árum og fer stór hluti fjármunanna til uppbyggingar innviða til verndar náttúru á ferðamannastöðum, í landvörslu, þ.m.t. heilsárslandvörslu, og til uppbyggingar þjóðgarðs á miðhálendi Íslands svo eitthvað sé nefnt.

Til hamingju með Dag umhverfisins.

> *Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er áætlað að auka fjárframlög til náttúruverndar um rúma sjö milljarða króna á næstu fimm árum.*

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ég kosta 134.435.520 krónur



**Guðmundur Ingi Þóroddson**
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Ég hef setið í fangelsi í 14 ár frá aldamótum vegna tveggja dóma fyrir ofbeldislausa glæpi. Ég hef nú þegar kostað skattgreiðendur 132.995.520 krónur og þegar afplánun lýkur hafa bæst við 1.680.000 krónur eða samtals 134.435.520 krónur.

Á þessum 14 árum hef ég fengið 14.560.000 krónur í „svört“ laun sem ýmist eru kölluð þóknun eða dagpeningar. Ég greiði enga skatta af þessum greiðslum, en kem líka án allra réttinda út í samfélagið að nýju; hef engu safnað í lífeyrissjóð og ekki öðlast rétt til atvinnuleysisbóta svo dæmi séu tekin.

Á þeim 18 árum sem liðin eru frá því ég steig fyrst inn í fangelsi, hef ég ekki enn fengið aðstoð fagfólks við gerð vistunar- og meðferðaráætlunar um hvernig ég geti hagað afplánuninni, fengið ráðgjöf um markmið með afplánuninni eða upplýsingar um meðferðarúrræði í boði og hvernig þjónustu ég geti fengið til að koma út í samfélagið sem betri maður.

Á þessum 14 árum hef ég sjö sinnum hitt sálfræðing og félagsráðgjafa, sem er meira en margur. Í fyrri afplánun minni var ekkert nám í boði og því síður verknám og ég fékk enga faglega aðstoð við að breyta mínu líferni svo ég mætti koma úr fangelsi sem breyttur og betri maður. Þetta er ástæða þess að meira en helmingur allra, sem hafa verið í fangelsi, snýr þangað aftur. Og þannig fór fyrir mér.

Fyrir mig var fangelsið glæpamannaskóli, þar sem þeir eldri miðluðu reynslu til þeirra yngri. Af hverju leggjum við ekki miklu frekari áherslu á að aðstoða fanga til að feta nýja slóð?

Í staðinn hef ég verið vistaður árum saman í langdýrustu geymslu sem í boði er. Fyrir sama fjármagn hefði verið hægt að bjóða upp á margvísleg úrræði; kaupa íbúð sem væri mönnuð starfsmanni árið um kring, útvega sérkennslu, bjóða upp á meðferðarúrræði, starfsþjálfun og verknám, sem samt væri mun ódýrara en ég kostaði.

Við myndum fækka verulega endurkomum í fangelsi ef við kæmum upp róttækri betrunarstefnu og aðstoðuðum þá sem dæmdir hafa verið í fangelsi til að feta nýjar brautir; með möguleika til menntunar, og starfsþjálfunar. Það myndi kosta mun minna og það sem skiptir meira máli, fækka þolendum ofbeldis og glæpa til muna.

Hættum að kasta milljörðum í kerfi sem engu skilar til baka til samfélagsins, heldur vindur bara upp á sig og kallar á meiri peninga úr vösum skattgreiðenda. Komum á skilvirku kerfi sem gagnast öllu samfélaginu. Það er hægt, enda tekist annars staðar, en til þess þarf bæði þverpólitískan vilja og stuðning almennings – sem á endanum borgar brúsann.

# Kæru Íslendingar, verndið villta laxastofna



**Kurt Beardslee**
framkvæmdastjóri bandarísku umhverfissamtakanna Wild Fish Conservancy

Íslendingar, ekki gera sömu alvarlegu mistökin og hafa verið gerð í öðrum löndum þar sem umfangsmikið sjókvíaeldi hefur verið heimilað með miklum skaða fyrir náttúruna. Setjið ströng lög um þessa starfsemi áður en það er of seint.

Ég er framkvæmdastjóri Wild Fish Conservancy (WFC), umhverfisverndarsamtaka sem berjast fyrir endurheimt villtra fiskistofna við norðurhluta Kyrrahafsstrandar Bandaríkjanna. Í ágúst í fyrra fengum við upplýsingar um að sjókví með Atlantshafslaxi hefði fallið saman skammt frá Seattle. Við héldum að þetta væru ýkjur. En svo var ekki.

Myndefni frá þessum atburði kemur mér enn í uppnám. Samankrumpuð sjókvíin flaut í sjónum eins og blað sem einhver hafði hent frá sér.

Í kringum 300.000 fiskar sluppu út úr kvínni þessa örlagaríku helgi, fiskur sem er framandi tegund í hafinu okkar í Washingtonríki. Seinna komumst við að því að mikill meirihluti þessara fiska, mögulega allir, báru veirusýkingu sem heitir Piscine Orthoreovirus og er bráðsmitandi og hættuleg villtum fiskistofnum.

Eigandi sjókvíarinnar, Cooke Aquaculture sem rekur allt sjókvíaeldi í ríkinu, sagði í fyrstu að óvenjulegar náttúrulegar aðstæður hefðu valdið því að sjókvíin brast. Stjórnvöld leiddu þó hið rétta í ljós. Fyrirtækið hafði einfaldlega trassað að sinna eðlilegu viðhaldi.

Því miður eru atburðir sem þessi ekki óvenjulegir hjá laxeldisfyrirtækjum í sjókvíaeldi. Svona óhöpp eru hluti af rekstrarumhverfi þeirra um allan heim. Þá miklu sorgarsögu má skoða með einfaldri Google leit.

Jafnvel daglegur rekstur á sjókvíum, án stórra óhappa, hefur í för með sér áhættu sem er óásættanleg. Vísindarannsóknir sýna að mengunin frá þeim er skelfileg og magnar upp fjölda sníkjudýra og baktería í sjónum með miklum skaða fyrir lífríkið. Óhjákvæmilega sleppa fiskar líka í litlum mæli, sem er aldrei tilkynnt. Stöðugur þannig lítill leki er sjálfsagt enn hættulegri fyrir umhverfið en þegar stóru slysin verða.

Í kjölfar þess að sjókví Cooke féll saman í fyrra ákváðu íbúar í Washingtonríki að nú væri nóg komið. Almenningur fordæmdi þessa starfsemi með kröftugum hætti. Við hjá WFC erum stolt af því að hafa leitt þá baráttu. Við settum á laggirnar breiðfylkingu undir nafninu Our Sound, Our Salmon, sem í eru 109 fyrirtæki og samtök, og 12.000 einstaklingar sem hafa tekið höndum saman um að berjast gegn sjókvíum og fyrir því að allt eldi verði fært upp á land.

Stjórnmálamennirnir hlustuðu sem betur fer á okkur og settu lög sem tryggja að allar sjókvíar með Atlantshafslaxi verða horfnar frá Washingtonríki ekki seinna en 2022. Aldrei í sögunni hefur jafn mörgum sjókvíaeldisstöðvum verið gert að loka.

Kæru Íslendingar, ráð mitt til ykkar er þetta: ekki láta það sem gerðist hér gerast á Íslandi. Verndið umhverfi ykkar og villta fiskistofna. Þrátt fyrir fögur loforð mun sjókvíaeldi aðeins valda skaða.



## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á Fréttablaðið.is

PEPSI DEILDIN 2018

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. Fjölnir |
| 2. ? | 8. Grindavík |
| 3. Stjarnan | 9. Víkingur R. |
| 4. KR | 10. ÍBV |
| 5. Breiðablik | 11. Fylkir |
| 6. KA | 12. Keflavík |

### Stjarnan
**hafnar í 3. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Stjarnan hafni í 3. sæti Pepsi-deildar karla. Þótt Stjarnan hafi skorað liða mest og fengið sex mörkum minna á sig en árið á undan var Stjarnan 12 stigum á eftir Íslandsmeisturum Vals í fyrra. Hópurinn er nánast sá sami og á síðasta tímabili og Rúnar Páll Sigmundsson er að hefja sitt fimmta tímabil við stjórnvölinn.

### Lykilmaðurinn í sumar
**Guðjón Baldvinsson**

**Guðjón Baldvinsson** átti sennilega sitt besta tímabil á ferlinum í fyrra. Hann skoraði 12 mörk og bætti sitt persónulegt met í markaskorun. Guðjón lék sem lánsmaður með Kerala Blasters á Indlandi í vetur en er kominn aftur til Stjörnunnar. Er algjör lykilmaður hjá Garðbæingum og gengur á undan með góðu fordæmi.




### Tölfræði frá síðasta sumri

**3** leikmenn skoruðu 10 mörk eða meira.

**17** gul spjöld fékk Stjarnan, helmingi færri en næsta lið.

### Nýju andlitin

**Þorsteinn Már Ragnarss.** Víkingi Ó.
**Guðjón Orri Sigurjónsson** Selfossi
**Guðmundur S. Hafsteinss.** Víkingi Ó.
**Terrance Dieterich** Gróttu

### Fylgstu með þessum

**Kristófer Konráðsson** kom við sögu í níu leikjum í Pepsi-deildinni í fyrra og hefur spilað mikið í vetur. Á að baki fjölda leikja fyrir yngri landslið Íslands.

**ENKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★☆ | SÓKNIN ★★★★☆ | ÞJÁLFARINN ★★★★☆ | BREIDDIN ★★★★☆ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★☆☆ |

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2017** 2. sæti | **2016** 2. sæti | **2015** 4. sæti | **2014** 1. sæti | **2013** 3. sæti | **2012** 5. sæti |

## Íslandsmeistaratitillinn innan seilingar fyrir Hafnfirðinga



**Óstöðvandi undir körfunni** Whitney Frazier var Valskonum erfið í leik liðanna í gærkvöld en hún var með 28 stig og 15 fráköst. Hafnfirðingar þurfa einn sigur til viðbótar til að vinna fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í níu ár en liðin mætast á ný á fimmtudaginn í Valsheimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þór/KA vann fyrsta titil ársins




**Varamarkvörður Þór/KA reyndist hetja Akureyringa liðsins í úrslitum Lengjubikarsins í gær eftir vítaspyrnukeppni.**

**FÓTBOLTI** Þór/KA sneri leiknum sér í hag og vann sigur gegn Stjörnunni eftir vítaspyrnukeppni í úrslitum Lengjubikarsins í gær. Var þetta í annað skiptið sem Akureyringar léku til úrslita og hefur Þór/KA unnið báða leikina.

Það var engin óskabyrjun fyrir heimaliðið, lentu þær undir snemma leiks og misstu Helenu Jónsdóttir, markvörð liðsins af velli.

Stuttu síðar skoraði Harpa Þorsteinsdóttir af stuttu færi eftir mistök Söru Mjallar Jóhannsdóttur sem kom inn í markið en Sara átti heldur betur eftir að bæta upp fyrir það.

Sandra Stephany Gutierrez minnkaði muninn af vítapunktinum stuttu síðar . Andrea Mist Pálmadóttir jafnaði svo metin og þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni.

Þar reyndist Sara Mjöll hetja heimaliðsins en hún varði tvær vítaspyrnur af fjórum og innsiglaði með því sigurinn.

Þór/KA fær tækifæri til að taka báða stærstu undirbúningstímabils titlana þegar liðið mætir ÍBV í Meistarakeppni KSÍ á heimavelli á sunnudaginn kemur.

Þær hefja svo titilvörnina í Pepsi-deild kvenna á því að heimsækja Grindavík þann 5. maí næstkomandi. **– kpt**



**Sandra Gutierrez kom Þór/KA á bragðið í gær.**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna, úrslit**

**Haukar - Valur 96-85**

**Haukar:** Whitney Michelle Frazier 28/15 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 22, Helena Sverrisdóttir 16/14 stoðsendingar/10 fráköst, Rósa Björk Pálsdóttir 13, Sigrún Björg Ólafsdóttir 11, Anna Lóa Óskarsdóttir 4, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 2.
**Valur:** Aalyah Whiteside 24, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 18, Guðbjörg Sverirsdóttir 16, Hallveig Jónsdóttir 13, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 8, Dagbjört Samúelsdóttir 6..

*Staðan er 2-1 fyrir Hauka í einvíginu.*

**Olís-deild karla, undanúrslit**

**ÍBV - Haukar 24-22**

**ÍBV:** Sigurbergur Sveinsson 7, Agnar Smári Jónsson 5, Róbert Aron Hostert 5, Theodór Sigurbjörnsson 3, Andri Heimir Friðriksson 1, Kári Kristján Kristjánsson 1, Grétar Þór Eyþórsson 1, Róbert Sigurðarson 1.
**Haukar:** Daníel Þór Ingason 9, Adam Haukur Baumruk 7, Hákon Daði Styrmisson 3, Einar Pétur Pétursson 1, Tjörvi Þorgeirsson 1, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 1 .

*Staðan er 1-0 yfir ÍBV í einvíginu.*

**Meistaradeild Evrópu, undanúrslit, fyrri leikur**

**Liverpool - Roma 5-2**

1-0 Mohamed Salah (36), 2-0 Salah (45), 3-0 Sadio Mane (56.), 4-0 Roberto Firmino (61.), 5-0 Firmino (69.), 5-1 Edin Dzeko (81.), 5-2 Diego Perotti (85.).



**Titillinn er ekki á förum frá Val samkvæmt spánni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Spáð að Valur verji titilinn

**FÓTBOLTI** Valsmenn munu endurheimta Íslandsmeistaratitil karla í knattspyrnu ef marka má árlega spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liðanna í Pepsi-deildinni en spáin var opinberuð í gær. Liðið er 51 ár síðan Valsmönnum tókst síðast að verja Íslandsmeistaratitilinn en á þeim tíma hefur liðinu sex sinnum mistekist að verja hann. FH er spáð öðru sætinu og Stjörnunni því þriðja en KR og Breiðablik deildu 4. og 5. sæti. Samkvæmt spánni haldast báðir nýliðarnir, Keflavík og Fylkir, í deildinni en Víkingi R. og ÍBV var spáð falli. **– kpt**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. apríl 2018 | 16. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Brim blæs til sóknar

Veruleg samlegðaráhrif skapast með kaupum Brims á þriðjungshlut í HB Granda. Ekki þykir líklegt að lífeyrissjóðir í hluthafahópi HB Granda muni taka yfirtökutilboði Brims. Erlendir bankar eru sagðir áhugasamir um að fjármagna kaupin að hluta. » 6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




»2

## Gætu fengið um 400 milljóna hlut í Heimavöllum

Hluthafar Heimavalla GP eiga rétt á árangurstengdri greiðslu í formi eignarhlutar í leigufélaginu. Gætu fengið afhentan tvö prósent hlut ef útboðsgengið verður um 1,7 krónur á hlut. Hafa áður fengið um 480 milljónir fyrir ráðgjafarstörf.

» 4

## Stærsta vísitölufyrirtæki heims skoðar íslenska markaðinn

Fulltrúar MSCI, eins stærsta vísitölufyrirtækis heims, íhuga að gera íslensk hlutabréf gjaldgeng í vísitölur sínar. Þeir munu funda með íslenskum verðbréfafyrirtækjum í næsta mánuði. Forstjóri Kauphallar segir frekari tíðinda að vænta í júní.

» 8

## Tiltrú og væntingar íslenskra neytenda

„Nú tíu árum eftir hrun eru íslenskir neytendur almennt bjartsýnir og tiltrú þeirra og væntingum svipar til aðstæðna í síðasta góðæri,“ segir Guðni Rafn Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Gallup, í aðsendri grein.






Fjármálaeftirlitið gerði alvarlegar athugasemdir við eftirlit Borgunar með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Engin ný viðskipti fyrr en að loknum úttektum

Kortafyrirtækið Borgun mun ekki gera samninga um færsluhirðingarþjónustu við nýja seljendur, sem selja þjónustu eingöngu yfir internetið utan heimamarkaða, fyrr en að loknum úttektum eftirlitsaðila. Með þessu bregst fyrirtækið við athugasemdum sem Fjármálaeftirlitið gerði á síðasta ári við eftirlit kortafyrirtækisins með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið krafðist þess meðal annars að Borgun sliti viðskiptasambandi sínu við tíu erlend fyrirtæki vegna þess að félagið kannaði ekki áreiðanleika upplýsinga um þau með fullnægjandi hætti.

Athugun Fjármálaeftirlitsins hófst árið 2016 en í kjölfar hennar birti eftirlitið forsvarsmönnum Borgunar tvær skýrslur á fyrri hluta síðasta árs. Fram kemur í ársreikningi Borgunar að fyrirtækið hafi orðið við athugasemdum eftirlitsins sem hafi meðal annars lotið að því að kortafyrirtækið endurtæki áreiðanleikakannanir allra erlendra seljenda sinna. Segir í ársreikningnum að þeirri vinnu sé nú að mestu lokið.

Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru þær að Borgun hefði ekki kannað nógu vel hvort upplýsingar um erlenda viðskiptamenn fyrirtækisins væru áreiðanlegar. Í úrtaki sextán slíkra, sem eftirlitið skoðaði, kannaði fyrirtækið þessar upplýsingar ekki nógu vel í tilfelli þrettán viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitið taldi að Borgun hefði vanrækt, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, að kanna áreiðanleika umræddra upplýsinga og vísaði málinu til héraðssaksóknara sem lét málið hins vegar falla niður. Fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins fyrr á árinu að saksóknari hefði ekki talið refsiheimildir í lögum nægilega traustar til þess að hægt væri að sækja málið. – kij

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

SMÁRALIND

ÞVÍ AÐ ÞÍN ER FERMINGIN
VEISLAN OG DAGURINN AÐ EILÍFU



ALLT SEM ÞARF FYRIR FERMINGUNA
FRÁ ÓSKALISTANUM TIL VEISLUBORÐSINS

# Gætu fengið um 400 milljóna króna hlut

**Hluthafar Heimavalla GP eiga rétt á árangurstengdri greiðslu í formi hlutar í leigufélaginu. Gætu fengið tveggja prósenta hlut ef útboðsgengið verður um 1,7 krónur á hlut. Hafa áður fengið um 480 milljónir fyrir ráðgjafastörf 2015 - 2017.**

Hluthafar eignarhaldsfélagsins Heimavalla GP, sem sá um umsýslu eigna fyrir leigufélagið 2015 til 2017, gætu fengið afhentan endurgjaldslaust hlut í Heimavöllum hf. fyrir að jafnvirði um 400 milljónir króna við skráningu félagsins á hlutabréfamarkað, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Eignarhlutnum væri ætlað að mæta uppgjöri á árangurstengdri greiðslu sem eigendur félagsins eiga rétt á en endanleg fjárhæð hennar mun ráðast af því gengi sem mun fást við útboð á nýjum hlutum í Heimavöllum í byrjun næsta mánaðar. Ef útboðsgengið verður í lægri endanum miðað við tilboðsbók B, þar sem verðbilið er 1,38 til 1,71 króna á hlut, þá mun hlutur Heimavalla GP verða umtalsvert minni en sem nemur um 400 milljónum króna. Slíkur eignarhlutur myndi jafngilda um tveimur prósentum alls hlutafjár í Heimavöllum við skráningu ef útboðsgengið verður 1,71.

Stærstu hluthafar Heimavalla GP, með samanlagt um 95 prósenta hlut, eru félög í eigu Magnúsar Pálma Örnólfssonar, fjárfestis og fyrrverandi starfsmanns Glitnis, Magnúsar Magnússonar, fjárfestis og stjórnarformanns Heimavalla, Halldórs Kristjánssonar, stjórnarmanns í Borgun og Heimavöllum, og Sturlu Sighvatssonar, athafnamanns og fyrrverandi framkvæmdastjóra Heimavalla. Þá eiga Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, og Arnar Gauti Reynisson, fjármálastjóri Heimavalla, báðir 2,5 prósenta hlut í félaginu.

Áður hafa hluthafar Heimavalla GP fengið í sinn hlut, á grundvelli umsýslusamnings við Heimavelli slhf., fyrrverandi móðurfélag Heimavalla hf., þóknanagreiðslur upp á samtals um 480 milljónir vegna ráðgjafarstarfa sinna fyrir leigufélagið frá því í ársbyrjun 2015 til október 2017. Í fyrra námu greiðslurnar til Heimavalla GP um 270 milljónum, eins og greint var frá í Markaðnum í lok síðasta mánaðar.

Samkvæmt samningum við Heimavelli GP, sem fólst í ábyrgð á greiningu og framkvæmd fjárfestinga, þá fékk félagið hlutfallslega þóknun sem nam einu prósenti af fasteignamati fjárfestingareigna í rekstri Heimavalla leigufélags á ári. Var þóknunin innheimt mánaðarlega. Þóknanagreiðslur til Heimavalla GP jukust um meira en 70 prósent á síðasta ári samhliða örum vexti leigufélagsins. Fasteignamat fjárfestingareigna Heimavalla, stærsta leigufélags landsins, var 33,4 milljarðar í árslok 2016 en ári síðar var sú fjárhæð komin upp í 48,6 milljarða. Leigufélagið var þá með tæplega 2.000 íbúðir í rekstri.



Gert er ráð fyrir að bréf með leigufélagið verði tekin til viðskipta í Kauphöllinni í lok maí.

**19**

**milljarðar verður markaðsvirði Heimavalla eftir skráningu ef útboðsgengið verður 1,71 krónur á hlut.**

Samkvæmt skráningarlýsingu Heimavalla, sem var gerð opinber síðastliðinn mánudag, kemur fram að Heimavellir leigufélag slhf. eigi núna um 9,8 prósenta hlut í Heimavöllum. Eini hluthafi þess sé Heimavellir GP en eignarhlutnum er, sem fyrr segir, ætlað að mæta uppgjöri árangurstengingar sem félagið á rétt á „úr hendi hluthafa samlagshlutafélagsins og gerð verður upp með hlutum í útgefenda. Fjöldi hluta sem Heimavellir GP hf. eiga tilkall til frá hluthöfum samlagshlutafélagsins vegna uppgjörsins ræðst af endanlegu útboðsgengi almenns útboðs á hlutum í Heimavöllum. [...] Að uppgjöri loknu verður eftirstandandi fjöldi hluta afhentur þeim hluthöfum Heimavalla hf. sem hlut áttu í samlagshlutafélaginu þann 22. mars 2018. Af þessu leiðir að endanlegur eignarhlutur núverandi hluthafa í útgefanda verður ekki ljós fyrr en að afloknu framangreindu almennu útboði,“ segir í lýsingunni.

Gert er ráð fyrir að bréf með leigufélagið verði tekin til viðskipta í Kauphöllinni í lok maí. Í útboðinu bjóða Heimavellir til sölu 750 milljónir nýrra hluta í félaginu, en fjölga má seldum hlutum í allt að 900 milljónir sé eftirspurn fyrir hendi. Andvirðið er 1.025 milljónir á genginu 1,38 en 1.270 milljónir ef gengið verður 1,71. Ekkert hámarksgengi er hins vegar í tilboðsbók C og því getur meðalgengi útboðsins orðið hærra en 1,71 króna á hlut.

Stærstu hluthafar Heimavalla eru í dag meðal annars hjónin Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir, Tómas Kristjánsson, hjónin Guðrún Lárusdóttir og Ágúst Sigurðsson, sem áttu útgerðarfyrirtækið Stálskip, tryggingafélögin Sjóvá og VÍS, Magnús Pálmi Örnólfsson og eignarhaldsfélagið Brimgarðar. hordur@frettabladid.is

# Níu milljóna tap Hótels 1919

Eignarhaldsfélagið Hótel 1919, sem rekur hótel undir nafni Radisson Blu við Pósthússtræti, skilaði um níu milljóna króna tapi í fyrra borið saman við hagnað upp á tæplega 38 milljónir króna á árinu 2016.

Þá drógust tekjur félagsins saman um liðlega 55 milljónir króna á milli ára og námu samtals 845 milljónum á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Hótel 1919 er með langtímarekstrarsamning við alþjóðlegu hótelkeðjuna Rezidor Hotels ApS um rekstur hótelsins.

Launakostnaður jókst um liðlega tíu prósent frá fyrra ári og var rúmlega 298 milljónir króna á árinu 2017. Eignir í árslok 2017 námu samtals 348 milljónum en eigið fé var tæplega 191 milljón króna. Hótel 1919 er í eigu LF2 ehf., dótturfélags Landfesta, sem er jafnframt dótturfélag Eikar fasteignafélags. – hae



Tekjur hótelsins minnkuðu um 55 milljónir í fyrra. MYND/RADISSON BLU

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Epalverð:**
**64.900.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Epalverð:**
**89.800.-**

**HÖNNUÐUR: DON CHADWICK**



Kortaþjónustan þurfti á hlutafjáraukningu að halda til að koma í veg fyrir að fyrirtækið yrði sett í slitameðferð eða færi í gjaldþrot. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Geta eignast fjórðungshlut í Kortaþjónustunni

Fyrrverandi eigendur Kortaþjónustunnar munu geta eignast allt að fjórðungshlut í fyrirtækinu samkvæmt breytingum sem gerðar voru á samþykktum færsluhirðingarfyrirtækisins í byrjun ársins.

Hluthafafundur Kortaþjónustunnar samþykkti í janúar að veita stjórn fyrirtækisins heimild til þess að gefa út nýtt hlutafé fyrir ríflega 481 milljón króna að nafnverði til þess að efna áskriftarréttindi til handa félögunum Gikk, sem er í eigu Gunnars M. Gunnarssonar, fyrrverandi forstöðumanns hugbúnaðarsviðs, og Ortak, sem er í eigu hjónanna Jóhannesar Inga Kolbeinssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra, og Andreu Kristínar Jónsdóttur. Stjórnin getur nýtt umrædda heimild innan fimm ára í einu lagi eða hlutum, eins og segir í samþykktum Kortaþjónustunnar.

Sem kunnugt er keypti fjárfestingabankinn Kvika og hópur einkafjárfesta Kortaþjónustuna á eina krónu í nóvember í fyrra. Var þá um það samið að fyrrverandi eigendur fyrirtækisins gætu mögulega, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, nýtt sér kauprétt seinna meir og eignast hlut í fyrirtækinu.

Ef hlutafé færsluhirðingarfyrirtækisins verður aukið um 480 milljónir króna að nafnverði, líkt og kveðið er á um í heimild stjórnarinnar, gætu fyrrverandi eigendur þannig eignast 25 prósenta hlut í fyrirtækinu.

Þeir Jóhannes Ingi og Gunnar eru titlaðir sem sérstakir ráðgjafar Kortaþjónustunnar á vef fyrirtækisins.



**Jóhannes Ingi Kolbeinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar**

Eins og greint var frá í Markaðinum í janúar kom fram í kaupsamningi milli Kviku og Kortaþjónustunnar að með „hliðsjón af núverandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins“ hefði verið ákveðið að seljendur fengju eina krónu fyrir hlut sinn í félaginu. Samtímis kaupunum lögðu Kvika og fjárfestahópurinn Kortaþjónustunni einnig til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé, en fyrirtækið stóð, eins og kunnugt er, frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda í kjölfar greiðslustöðvunar breska flugfélagsins Monarch í byrjun október á síðasta ári. Kortaþjónustan var á meðal átta fyrirtækja sem sáu um færsluhirðingu fyrir Monarch.

Í kaupsamningnum segir meðal annars að kaup og hlutafjáraukning fjárfestahópsins hafi verið nauðsynleg til að „koma í veg fyrir að fyrirtækið yrði sett í slitameðferð eða lögþvingað gjaldþrot“. Eftir greiðslustöðvun Monarch hafi Kortaþjónustan fengið á sig endurgreiðslukröfur (e. chargebacks) sem námu „verulegum fjárhæðum“ og ollu fyrirtækinu „alvarlegum fjárhagslegum erfiðleikum“. Svo Kortaþjónustan gæti haldið áfram rekstri var því þörf á hlutafjáraukningu og eins samkomulagi við alþjóðlegu kortafyrirtækin Mastercard og Visa um áframhaldandi aðild að uppgjörskerfum þeirra.

Fjárfestingafélagið Óskabein, sem er meðal annars stór hluthafi í VÍS, er næststærsti einstaki eigandi Kortaþjónustunnar, á eftir Kviku banka, með tíu prósenta hlut. Hlutur Kviku í fyrirtækinu nemur um 41 prósenti en á meðal annarra hluthafa er félagið Res Limited, sem er í eigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, með tæplega sex prósenta hlut og þá eiga bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, í gegnum eignarhaldsfélagið Frigus, liðlega fimm prósenta hlut. – kij

# MSCI skoðar íslenska markaðinn af alvöru

**Fulltrúar MSCI, eins stærsta vísitölufyrirtækis heims, íhuga að gera íslensk hlutabréf gjaldgeng í vísitölur sínar. Þeir munu funda með íslenskum verðbréfafyrirtækjum í næsta mánuði. Forstjóri Kauphallar segir frekari tíðinda að vænta í júní.**

MSCI, eitt stærsta vísitölufyrirtæki heims, hefur til skoðunar að gera hlutabréf félaga, sem skráð eru á íslenska hlutabréfamarkaðinum, gjaldgeng í vísitölur fyrirtækisins. Frekari tíðinda er að vænta frá fyrirtækinu í júní í sumar að sögn Páls Harðarsonar, forstjóra Kauphallarinnar.

Fulltrúar fyrirtækisins, sem heldur meðal annars utan um hina frægu MSCI-heimsvísitölu sem byggist á helstu hlutabréfavísitölum í kauphöllum heimsins, munu koma hingað til lands í næsta mánuði og funda meðal annars með forsvarsmönnum Fossa markaða, samkvæmt heimildum Markaðarins, en Fossar hafa verið umsvifamestir hérlendra verðbréfafyrirtækja þegar kemur að milligöngu um fjárfestingar erlendra fjárfesta í íslenskum félögum.

Þá hafa fulltrúar MSCI auk þess rætt við þá erlendu hlutabréfasjóði sem hafa gert sig gildandi á innlendum hlutabréfamarkaði á undanförnum misserum.

Páll segir að Kauphöllin hafi haft samband við fulltrúa MSCI og vísitölufyrirtækisins FTSE Russel í kjölfar þess að gjaldeyrishöftunum var aflétt í mars á síðasta ári. Síðarnefnda fyrirtækið hefur þegar tekið íslenska hlutabréfamarkaðinn á athugunarlista sinn og gerir Páll sér vonir um að bréf á íslenska markaðinum verði gjaldgeng í vísitölur FTSE í haust.

„Fulltrúar MSCI eru að viða að sér gögnum um markaðinn auk þess sem við höfum sent þeim fjölda gagna. Þetta tekur eðli málsins samkvæmt talsverðan tíma en samkvæmt minni bestu vitneskju er einhverra tíðinda að vænta frá fyrirtækinu í júní,“ segir Páll. Óvíst sé þó á þessari stundu hvaða tíðindi það verða.

„Við höfum reiknað með því að fyrsta skrefið felist í því að MSCI taki okkur á athugunarlista, líkt og FTSE gerði, án þess þó að við höfum fengið það staðfest. Það kemur í ljós í júní,“ útskýrir Páll. „Þetta er í það minnsta mjög spennandi tækifæri og gæti breytt miklu.“

MSCI heldur úti fjölmörgum vísitölum um allan heim en ekki liggur fyrir inn í hvaða vísitölur íslensk hlutabréf munu komast. Greint var frá því í ViðskiptaMogganum síðasta haust að FTSE Russel hefði tekið íslenska hlutabréfamarkaðinn á athugunarlista sinn. Páll segir að fyrirtækið hafi tilkynnt í mars síðastliðnum að markaðurinn færi, að öðru óbreyttu, inn í vísitölumengi FTSE í september á þessu ári. „Við getum því sagt að þetta sé allt á góðri leið,“ nefnir hann.



Forsvarsmenn Kauphallarinnar hafa frá losun hafta unnið að því að gera íslenska markaðinn gjaldgengan í erlendar vísitölur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Fyrir utan þau góðu áhrif sem þetta hefur á markaðinn er þetta jafnframt góður leiðarvísir fyrir stjórnvöld.**
>
> Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar



## Leggur mat á markaðinn

Á meðan íslenski hlutabréfamarkaðurinn er á svonefndum athugunarlista FTSE leggur fyrirtækið mat á ýmsa þætti hans. Markaðurinn er meðal annars skoðaður með hliðsjón af stærð, virkni viðskipta og eftirliti með honum. Alls er litið til meira en tuttugu mælikvarða.

„Það er gott og lærdómsríkt fyrir okkur að fara í gegnum þetta ferli,“ segir Páll. „Fyrir utan þau góðu áhrif sem þetta hefur á markaðinn er þetta jafnframt góður leiðarvísir fyrir stjórnvöld. Þau geta þannig séð hvers konar umhverfi þarf að skapa fyrir fyrsta flokks hlutabréfamarkað. Að því leytinu til er þessi vinna gagnleg.“

Til þess að teljast „fyrsta flokks hlutabréfamarkaður“ að mati FTSE þarf íslenski markaðurinn að uppfylla fjölmörg skilyrði. Meðal annars þarf virkur verðbréfalánamarkaður að vera fyrir hendi en sú er ekki raunin hér á landi. Forsvarsmenn Kauphallarinnar hafa um langt skeið bent á að vanþróaður markaður með verðbréfalán, þá sér í lagi hlutabréfalán, standi íslenskum verðbréfamarkaði fyrir þrifum.

Í skýrslu Kauphallarinnar frá árinu 2014 var meðal annars lagt til að heimildir lífeyrissjóða og verðbréfasjóða til þess að lána verðbréf úr eignasöfnum sínum yrðu rýmkaðar en lög um lífeyrissjóði hafa verið túlkuð á þann veg að slíkum sjóðum sé beinlínis óheimilt að lána verðbréf.

Fyrir fall fjármálakerfisins haustið 2008 var Ísland komið á athugunarlista FTSE en það var fjarlægt af listanum í kjölfar hrunsins. Eftir að gjaldeyrishöftunum var aflétt í fyrra fóru hjólin hins vegar fljótt að snúast. „Fyrirtækjunum hefði aldrei dottið í hug að taka þessari málaleitan okkar vel nema af því að búið var að taka fyrsta skref í haftalosuninni. Það var algjör forsenda.“

kristinningi@frettabladid.is




## Seldu á virði en ekki á verði

Þú lærir að stjórna tíma þínum og söluábendingum á áhrifaríkan hátt, að ná til viðskiptavina, og koma á fundum með lykilfólki. Þú munt selja á virði en ekki verði, leysa málin með viðskiptavinum og skapa þér sérstöðu. Námskeiðið Árangursrík sala (Winning with Relationship Selling) er á topp 20 lista Traingindustry.com

2017 TOP 20 COMPANY SALES TRAINING

**Ávinningur:**

- Tileinka þér jákvætt viðhorf
- Spyrja réttu spurninganna
- Auka trúverðugleika þinn
- Halda sölukynningu af öryggi
- Ná endursölu og nýjum tengiliðum
- Beina samræðum á rétta braut
- Skapa ný sölutækifæri með eftirfylgni
- Ná fram skuldbindingu og loka sölunni
- Koma auga á leiðandi kauphvata viðskiptavinar
- Taka á spurningum og andmælum af öryggi

**Hefst 6. mars • Nánar á dale.is**

Dale Carnegie®

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. ad_sales_121317_iceland




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is




HB Grandi er kvótamesta útgerð landsins með um 10,9 prósenta hlutdeild. Markaðsvirði félagsins er um 61 milljarður en það hefur hækkað um ríflega sex milljarða síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vilja ekki missa einu útgerðina af markaði

**Veruleg samlegðaráhrif skapast með kaupum Brims á þriðjungshlut í HB Granda. Ólíklegt þykir að lífeyrissjóðir í hópi stærstu hluthafa HB Granda muni taka yfirtökutilboði Brims. Hópur hluthafa telur aðkomu Hvals að HB Granda hafa skaðað sjávarútvegsfyrirtækið.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Með kaupum útgerðarfélagsins Brims á ríflega þriðjungshlut í HB Granda skapast veruleg tækifæri til hvors tveggja sóknar og samlegðar, að mati greinenda og fjárfesta sem Markaðurinn ræddi við. Mestu tækifærin eru talin felast í sameiginlegu sölustarfi útgerðarfélaganna á erlendum mörkuðum. „Það er til mikils að vinna fyrir félögin og okkur sem þjóð ef þeim tekst – með því að taka höndum saman – að fá hærra verð fyrir sjávarafurðir sínar,“ segir viðmælandi Markaðarins sem er öllum hnútum kunnugur í íslenskum sjávarútvegi.

„Guðmundur Kristjánsson [forstjóri Brims] hefur sýnt að hann þorir að láta verkin tala. Hann hefur náð gríðargóðum árangri í umbreytingaverkefnum í sjávarútvegi og þekkir bransann afar vel,“ segir Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Markó Partners, í samtali við Markaðinn.

Ólíklegt þykir að lífeyrissjóðirnir í hópi stærstu hluthafa HB Granda ákveði að taka yfirtökutilboði Brims og selja sinn hlut í félaginu. Viðmælendur Markaðarins í röðum sjóðanna segja ekki vilja standa til þess að eina sjávarútvegsfyrirtækið á hlutabréfamarkaði hverfi af markaðinum. Eins benda þeir á að eina leiðin fyrir sjóðina til þess að koma – með einum eða öðrum hætti – að grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar sé að eiga hlut í HB Granda. Hlutir í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum séu ekki falir.

Samkvæmt heimildum Markaðarins mun Guðmundur ræða við fulltrúa helstu lífeyrissjóðanna í hluthafahópnum í vikunni. Þrátt fyrir að Brim hafi nú þrjár vikur til þess að gera öðrum hluthöfum HB Granda yfirtökutilboð – á genginu 35 krónur á hlut að lágmarki – gæti það skýrst síðar í vikunni til hvaða bragðs hluthafarnir hyggjast taka. Þannig ber að tilkynna í síðasta lagi næsta föstudag um framboð til stjórnar HB Granda en aðalfundur félagsins fer fram föstudaginn 4. maí.

Hafni stærstu lífeyrissjóðirnir tilboði Brims þykir sennilegt að þeir geri tilkall til þriggja af fimm stjórnarsætum félagsins. Fulltrúar Brims í stjórninni yrðu þá tveir. Lífeyrissjóðirnir eiga tvo fulltrúa í núverandi stjórn en kjölfestuhluthafar félagsins, sem nú hafa selt hlut sinn, Vogun hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf., þrjá talsins. Kristján Loftsson, sem setið hefur í stjórn HB Granda frá árinu 1988, mun stíga til hliðar sem stjórnarformaður á aðalfundinum.

Lífeyrissjóður verslunarmanna er næststærsti hluthafi HB Granda með 13,7 prósenta hlut, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sá þriðji stærsti með 12,2 prósent og Gildi sá fjórði stærsti með 8,6 prósenta eignarhlut. Samanlagt eiga lífeyrissjóðir um 44 prósenta hlut í félaginu.

Tilkynnt var um kaup Brims á öllum eignarhlut Vogunar og Venusar í HB Granda – samanlagt 34 prósent hlutafjár – síðasta miðvikudagskvöld. Vogun er í eigu Hvals hf. en stærsti hluthafi þess félags er Venus með 43 prósenta hlut. Það félag er síðan aftur að stærstum hluta í eigu Kristjáns Loftssonar og fjölskyldu.

## Gengisþróun hlutabréfa HB Granda




### Héldu spilunum þétt að sér

Kaupendur og seljendur héldu spilunum þétt að sér í aðdraganda viðskiptanna og vissu jafnvel margir nánir samstarfsmenn þeirra ekki af áformunum fyrr en tilkynning barst Kauphöllinni síðla kvölds. Til marks um leyndina fékk Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, aðeins að vita af kaupunum sama kvöld og tilkynnt var um þau, að því er heimildir Markaðarins herma.

Kaupverðið, sem hljóðar upp á 21,7 milljarða króna, hyggst Brim fjármagna með sölu eigna og liðsinni banka. Þannig þykir ljóst að viðskiptabanki Brims, Landsbankinn, muni koma að fjármögnuninni og þá eru erlendir bankar sagðir áhugasamir um að taka þátt í henni að sögn kunnugra. Guðmundur benti auk þess á í samtali við Morgunblaðið í síðustu viku að Brim hefði átt eignir upp á 50 milljarða króna á síðasta ári og stæði því vel að vígi.

Félagið, sem naut meðal annars ráðgjafar Gunnars Sturlusonar, eins af eigendum lögmannsstofunnar Logos, við viðskiptin, á tæplega þriðjungshlut í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum og eignaðist auk þess útgerðarfélagið Ögurvík sumarið 2016. Eftir sem áður þykja tæpir 22 milljarðar króna stór biti.

Bitinn gæti orðið enn stærri ef hluthafar HB Granda ákveða að taka yfirtökutilboðinu en ef allir hluthafarnir samþykkja tilboðið og Brim þyrfti að taka félagið yfir yrði kaupverðið alls um 65 milljarðar króna. Það verður hins vegar að teljast ólíklegt að sú verði raunin, líkt og áður sagði. Viðmælendur Markaðarins telja sennilegra að Brim þurfi aðeins að kaupa hluti upp á nokkur prósent til viðbótar.

Verðbréfasjóðir og smærri einkafjárfestar í hluthafahópi HB Granda gætu viljað selja sinn hlut, enda þykir mörgum tilboðið hagstætt, sér í lagi þegar mið er tekið af útboðsgengi fyrirtækisins þegar það var skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar í apríl árið 2014, 27,7 krónur á hlut.

Sjálfur sagði Guðmundur við Morgunblaðið að það yrði vandræðalaust þótt einhverjir hluthafar kysu að taka yfirtökutilboðinu. Þá yrðu einfaldlega fleiri eigendur fengnir að borðinu. Hann sagðist hins vegar vona að sem flestir hluthafar héldu sínum hlut. Einn af styrkleikum félagsins væri sá að það væri skráð á markað í dreifðu eignarhaldi.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hefur Guðmundur þegar leitað til nokkurra fjárfesta og viðskiptafélaga sinna til þess að fjárfesta með honum í félaginu ef margir hluthafar vilja taka yfirtökutilboðinu.



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, og Kristján Loftsson, aðaleigandi Hvals.

### Deilur vegna hvalveiða

Af hálfu eigendahópsins sem stendur að baki Kristjáni Loftssyni og hefur hingað til haft tögl og hagldir í HB Granda átti salan sér nokkurn aðdraganda. Þannig herma heimildir Markaðarins að innan hluthafahóps Hvals, en hluthafar félagsins eru yfir 100 talsins, hafi verið ósætti um hvalveiðar félagsins sem hafi sætt vaxandi gagnrýni á alþjóðavísu og kostað hluthafa mikla fjármuni. Líta margir á söluna sem lið í því að félagið verði leyst upp. Hópur hluthafa er á þeirri skoðun að aðkoma Hvals að HB Granda hafi beinlínis skaðað fyrirtækið og því væri það til þess fallið að bæta ímynd þess að Hvalur

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 25. APRÍL 2018

Baðherbergi & heimili



Fagurlega skreyttir baðherbergisveggir, þaktir síðum úr Andrésar andar blöðum, mæta gestum á súkkulaðikaffihúsinu Fridu á Siglufirði. Veggirnir hafa vakið mikla athygli og eru mikið myndaðir. →4

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is



Katrín Ísfeld innanhússarkitekt segir að fallegir, bjartir litir og góð lýsing verði aðalatriðin í nýjum baðherbergjum á næstunni. MYND/ERNIR

# Fólki þarf að líða vel í umhverfi sínu

Katrín Ísfeld Guðmundsdóttir, innanhússarkitekt hjá Studio Ísfeld, hefur hannað gistiheimili, hótel og heimili. Hún hefur til dæmis hannað fjöldamörg baðherbergi og segir að lýsingin skipti miklu máli. →2

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Katrín Ísfeld segir að nokkur munur sé á að hanna baðherbergi fyrir heimili annars vegar eða hótel og gististaði hins vegar. „Á baðherbergjum á hótelum þarf ekki að taka tillit til skápa. Allar hirslur þurfa að vera opnar og sjáanlegar svo fólk gleymi ekki hlutum. Góð borðplata er nauðsynleg og opnar hillur. Í dag vilja flestir frekar sturtu en baðkar og það er voða mikið búið að fólk þurfi að standa í baðkarinu til að fara í sturtu,“ segir Katrín. „Við viljum ganga beint inn í sturtuna. Það á bæði við á hótelum og heimilum,“ bætir hún við. „Flestir vilja að flísarnar á gólfinu haldi áfram inn í sturtuna en þá þarf vissulega góð niðurföll. Oftast er hægt að koma þessu við en ekki alltaf.“

Ný baðherbergi eru afskaplega falleg og þau kosta mikið. „Lýsingin er stórt atriði í hönnuninni. Sterk halogenljós eru á útleið en þau voru ekki mjög þægileg þegar konur voru að mála sig eða karlar að raka sig. Vinsælast núna eru speglar með baklýsingu. Þeir gefa skemmtilega lýsingu. Auk þess er fólk með tvær til þrjár aðrar gerðir af lýsingu inni á baðherberginu,“ upplýsir Katrín þegar hún er spurð um það nýjasta í hönnun baðherbergja.

## Sterkir og bjartir litir

Dökkir litir hafa verið vinsælir en Katrín segir að þeir séu að mildast. „Það má gjarnan vera sterkur og bjartur litur með gráum tónum. Dökkgrái liturinn sem hefur verið mjög vinsæll er að detta út fyrir fallegar og skemmtilega mynstraðar flísar sem er það nýjasta úti í heimi. Einnig eru að koma á markaðinn háglans flísar í alls konar litum, grænbláum, súkkulaðibrúnum eða appelsínugulum. Þá eru sömuleiðis að detta inn fallegir jarðlitir, dimmbláir, dökkvínrauðir eða grænbrúnir. Þetta eru dökkir en hreinir tónar. Það er gaman að brjóta upp baðherbergið með fallegum lit á hluta rýmisins.“

Flestir vilja sturtuklefa úr gleri um þessar mundir. Á sumum hótelum erlendis hefur glerið verið svo vinsælt að allir veggir baðherbergisins eru úr gleri. Það eru ekki allir gestir sáttir við það fyrirkomulag. Katrín segir að baðherbergið þurfi að vera prívat og þess vegna ætti ekki að hafa salerni með glerveggjum. „Ég myndi ekki mæla með því að hafa einungis glerveggi. Það má ekki alltaf bara fylgja tískustraumum heldur þarf manneskjunni að líða vel í umhverfi sínu.“

Þá hefur einnig sést frístandandi baðkar í svefnherberginu eða á hótelherberginu. Katrín segir að frístandi baðkar sé skemmtileg nýbreytni inni á baðherberginu. „Þá er fólk bæði með baðkar og sturtu. Það er reyndar langþægilegast að henda sér í sturtu í stað þess að bíða eftir að baðkarið fyllist af vatni. Þegar baðkarið er inni í svefnherberginu er það líklegast gert til að skapa rómantískt umhverfi,“ segir hún.

## Fleiri baðherbergi

Katrín lærði innanhússarkitektúr í Bandaríkjunum en þar tíðkast að hafa baðherbergi í flestum svefnherbergjum hússins. „Sem betur fer er það að aukast hér á landi að það séu fleiri en eitt baðherbergi í íbúðinni. Þetta rými hússins er mikið notað og fólk geymir alls konar persónulega hluti á baðherberginu. Þess vegna finnst mér frábært þegar það eru að minnsta kosti tvö baðherbergi til staðar. Þá eru upphengd salerni til mikilla bóta, til dæmis fyrir allan þrifnað. Fólk hefur ekki jafnmikinn tíma og áður til þrifa. Þess vegna er vel hannað baðherbergi til mikilla bóta því það auðveldara að halda því hreinu.“

Katrín segir að baðherbergið skipti öllu máli þegar fólk setur íbúðina sína á sölu. Fólk horfir á eldhús og bað. „Gömul og sjúskuð baðherbergi eru ekki aðlaðandi. Hins vegar er rétt að benda á að endurbætur sem gerðar eru á gömlum húsum ættu að vera í takt við bygginguna. Ég hef tekið í gegn nokkur baðherbergi í gömlum húsum sem hafa tekist mjög vel. Ég bjó lengi í Hollandi þar sem mörg húsin eru mjög gömul. Þar heldur fólk í það gamla og ber virðingu fyrir því. Það er bannað að henda öllu út úr húsinu. Við Íslendingar erum dálítið nýjungagjarnir og viljum hafa allt nútímalegt. Gömul hús geta verið mjög falleg og það þarf að vanda til verks þegar þau eru tekin í gegn. Í gömlu húsi sem ég tók í gegn á Hverfisgötu notuðum við gamlar hurðir í borðstofuborð.“



Katrín Ísfeld hefur hannað hótel og gistiheimili með góðum árangri. MYND/ERNIR

## Mætti huga að unga fólkinu

Katrín flutti aftur til Íslands árið 2006, korter í hrun, eins og hún segir. „Það var talsvert áfall á þeim tíma þar sem hér átti að vera gríðarleg uppsveifla á byggingamarkaðnum. Mér líst hins vegar ekkert sérstaklega vel á húsnæðisleysi ungs fólks hér á landi í dag. Það er mikið byggt af hótelum og glæsiíbúðum en það er ekki á færi unga fólksins að kaupa þessar íbúðir. Það er sorgleg þróun að litlar íbúðir sem er verið að byggja séu á skuggalegu háu verði,“ segir Katrín sem vill sjá breytingu á markaðnum, ungu fólki í hag. Katrín er á Facebook sem Studio Ísfeld.



Fallegt baðherbergi sem Katrín hannaði hjá Freyju Guesthouse. MYND/ERNIR



Háglans flísar í fallegum litatónum eru það nýjasta fyrir árið 2018, að því er Katrín segir.



Fallegt baðherbergi sem Katrín hannaði þar sem litir fá að njóta sín.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |


Nýr stíll!
LILLHOLMEN
vegglјós 1.990,-/stk.
Ljósapera seld sér
NÝTT
31.950,-
GODMORGON speglaskápur
VOXNAN
blöndunartæki
11.950,-
13.950,-
KATTEVIK handlaug
NÝTT
28.950,-
GODMORGON vaskaskápur
B100cm Borðplata seld sér
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA

# Andrésblöðin í nýju hlutverki

**Fagurlega skreyttir baðherbergisveggir, þaktir síðum úr Andrésar andar blöðum, mæta gestum á súkkulaðikaffihúsinu Fridu á Siglufirði. Veggirnir hafa vakið mikla athygli og eru mikið myndaðir.**

Óhætt er að segja að mest mynduðu baðherbergisveggir Siglufjarðar, og sjálfsagt landsins, séu í súkkulaðikaffihúsinu Fridu en veggirnir þar eru þaktir síðum úr gömlum Andrésar andar blöðum. Súkkulaðikaffihúsið var opnað sumarið 2016 en það er listakonan Fríða Björk Gylfadóttir sem setti það á fót. Hugmyndin kviknaði eftir að Fríða missti vinnuna í banka árinu áður og í kjölfarið fékk eiginmaður hennar þá hugmynd að Fríða ætti að sameina áhugamál sín, sem eru að mála og búa til súkkulaði. „Atvinnutækifærin liggja ekki beint á lausu og bíða eftir manni þegar komið er á minn aldur þannig að ég ákvað að slá til. Hér býð ég upp á úrval af heimagerðu konfekti, t.d. með mismunandi bjórfyllingu, gráðaostafyllingu, einn með sítrónu, einnig Captain Morgan mola, tvo sem innihalda kaffi, einn með chili og annan með hnetusmjöri svo ég nefni nokkra. Utan þess býð ég upp á ýmsar ljúffengar veitingar en hér snýst auðvitað allt um súkkulaði. Hér má fá t.d. súkkulaðiköku og vöfflur með karamellu-súkkulaðisósu um helgar og að sjálfsögðu er boðið upp á heitt súkkulaði ásamt góðu kaffi. Viðskiptavinir geta líka keypt tilbúnar öskjur með molum eða valið sjálfir."


Litfagrir og líflegir veggir baðherbergjanna vekja mikla athygli gesta.



Fríða er búin að merkja sérstakan stað þar sem gestir geta tekið sjálfur.


Fríða Björk Gylfadóttir, eigandi Fridu á Siglufirði. MYND/SIGURÐUR ÆGISSON

### Vakið mikla athygli

Veggir baðherbergjanna voru ljótir að hennar sögn en þar var áður gömul og léleg plötuklæðning sem var farin að losna frá veggnum. „Ég ólst upp við að lesa Andrésblöðin á koppnum svo það lá bara beinast við að reyna við þessa hugmynd. Blöðin eru enn í miklu uppáhaldi en þó er engin ein persóna í meira uppáhaldi en önnur. Það gekk vel að safna blöðum fyrir verkið og var útgefandi blaðanna hjálplegur þegar hann frétti út á hvað þetta gekk. Fyrst lakkaði ég veggina, lagði svo blöðin yfir og svo lakkaði ég aftur yfir. Veggirnir hafa svo sannarlega vakið athygli gesta og eru mikið myndaðir. Ég lét m.a. útbúa sérstakan stað á gólfinu þar sem gestir geta tekið sjálfu af sér með blöðin í bakgrunni."

### Stærri heimur opnast

Fríða hefur um nokkurra ára skeið útbúið konfekt heima fyrir og gefið vinum og ættingjum um jól og páska. „Þá vann ég eftir ýmsum uppskriftum héðan og þaðan sem ég þróaði eftir eigin höfði á næstu árum. Þegar hugmyndin að súkkulaðikaffihúsinu kom fram ákvað ég að sækja súkkulaðiskóla í Belgíu. Óhætt er að segja að sú dvöl hafi verið algjört ævintýri en þar opnaðist enn stærri heimur fyrir mér. Þar kynntist ég alvöru græjum og lærði betri aðferðir við súkkulaðigerð. Ég opnaði svo 25. júní árið 2016 þannig að súkkulaðikaffihúsið mitt verður bráðum tveggja ára gamalt."

> **Það gekk vel að safna blöðum fyrir verkið og var útgefandi blaðanna hjálplegur þegar hann frétti út á hvað þetta gekk.**
>
> Fríða Björk Gylfadóttir

Nánari upplýsingar um súkkulaðið má finna á Facebook (Frida Súkkulaðikaffihús) og bráðlega á www.frida.is.




Íspan býður fjölbreytt úrval af gleri s.s. einangrunargleri, speglum, lökkuðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, veggi, sturtur og borðplötur.
Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við finnum bestu lausnina fyrir þig.
SMIÐJUVEGI 7 200 KÓPAVOGUR SÍMI 54 54 300 ISPAN.IS
Íspan GLER OG SPEGLAR




Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

- fyrir þitt heimili

# Baðherbergisskápurinn ætti að vera næstum því tómur

Margt af því sem geymt er inni á baðherbergi ætti alls ekki að vera þar. Hátt rakastig og sveiflukennt hitastig hefur ekki góð áhrif á snyrtivörur, ilmvötn, rafmagnstæki og skartgripi.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Gott er að fara reglulega yfir það sem er í baðherbergisskápunum og kanna hvort betra væri að geyma sumt af því sem þar leynist á öðrum stað. Farði og krem endist t.d. yfirleitt í 18-24 mánuði frá opnun ef það er geymt við kjöraðstæður en hátt rakastig og sveiflur á hitastigi geta stytt þennan tíma. Það sama á við um lyf og ilmvatn og ýmislegt fleira.

## Lyf í læstum skáp

Lyf ættu ekki að vera inni á baði vegna þess að þar er yfirleitt hærra rakastig en í öðrum herbergjum. Betra er að geyma lyf í sérstökum lyfjaskáp sem hægt er að læsa og gæta þess að börn hafi ekki aðgang að honum. Lyfjaskápurinn ætti að vera á stað þar sem hitastigið er stöðugt og ekki mikil birta.

## Skart í skúffu

Hitaveituvatnið á höfuðborgarsvæðinu er sérstaklega ríkt af brennisteini sem hefur þau áhrif að skart, sérstaklega silfur, verður svart og jafnvel matt. Þess vegna er ekki ráðlegt að geyma skart inni á baði og mikilvægt er að muna að taka það af sér áður en farið er í sturtu eða bað. Betra er að geyma skart á svölum og þurrum stað, t.d. í skúffum eða skápum. Vegna innbrotahrinu undanfarinna mánaða er fólki ráðið frá því að geyma skart inni í svefnherbergi heldur finna því annan stað, jafnvel bankahólf.



Sumar snyrtivörur eiga ekki heima inni á baði. Farða ætti að geyma á öðrum stað.

## Farði þolir illa raka

Það ætti alls ekki að geyma farða inni á baði, hvort sem um er að ræða fljótandi farða, kökumeik eða púður. Þessar snyrtivörur þola ekki mikinn raka eða hita og endast verr ef þær eru geymdar í slíku umhverfi. Auðvitað er í lagi að nota þær inni á baði en þess á milli finna þeim betri stað þar sem loftið er þurrt.

## Ilmvatn endist skemur

Sömu söguna er að segja um ilmvatn. Jafnvel þótt það sér freistandi að raða fallegum ilmvatnsglösum upp á smekklegan hátt til að skreyta baðherbergið ætti að geyma þau annars staðar, nema þau séu hvort eð er orðin gömul og ónothæf. Hitasveiflur og mismunandi rakastig flýta fyrir því að ilmvatn skemmist og lyktin af því verður óbærileg.



Baðherbergi er eitt mest notaða herbergi hvers heimilis.

## Hárblásarinn í þurrt loft

Raki og rafmagnstæki eiga ekki sérlega vel saman. Hátt rakastig fer illa með slík tæki til lengri tíma litið og með tímanum geta þau einfaldlega skemmst af þeim völdum. Við kaup á t.d. hárblásara er því gott að skoða hvort hann þoli mikinn raka eða ekki.

## Handklæði á annan stað

Auðvitað þurfa flestir að geyma handklæði og þvottapoka inni á baði en þess þarf að gæta þau séu í stöðugri notkun svo þau dragi ekki í sig raka úr loftinu og fari einfaldlega að mygla. Gott er að hafa ekki stóran stafla af handklæðum inni á baði svo þau séu öll í notkun.

## Pappír bylgjast

Freistandi er að geyma nokkrar bækur inni á baði til að grípa í við viss tækifæri. Hins vegar verður pappírinn undinn og snúinn ef hann er lengi í rakaríku umhverfi.

## Rakvélarblöð geta ryðgað

Þau rakvélarblöð sem er í notkun hverju sinni mega að sjálfsögðu vera inni á baði en þau sem eru enn í pakkningunni ættu að vera á öðrum stað til að koma í veg fyrir að þau byrji að ryðga.




# Bestu skilyrðin

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Margar grænar pottaplöntur kunna vel við sig inni á baðherbergi. Bjart baðherbergi með glugga býður í raun upp á bestu skilyrðin í húsinu fyrir pottaplöntur, það gerir rakinn og hæfileg birta,“ segir Þorvaldur Snorrason, garðyrkjufræðingur hjá Flóru í Hveragerði, spurður hvaða pottablóm henti inni á baði.

Grænar plöntur séu nægjusamar á birtu en blómstrandi plöntur uni sér þó einnig vel inni á baðherberginu ef birtan er góð. Ef glugginn snýr í hásuður er betra að hafa filmu á rúðunni eða gardínu fyrir glugganum, sem sé einmitt raunin á baðherbergjum.

Gluggalaust baðherbergi henti plöntum ekki eins vel, þá þurfi ljósin að vera sem oftast kveikt og plönturnar í nálægð við ljósgjafann.

## Þykkblöðungar og tískublóm

„Blóm sem eru mikið í tísku eins og peningablómið og monstera pluma sig vel á baðherberginu, en baðherbergið þarf þó að vera stórt fyrir monsteruna þar sem hún er plássfrek,“ segir Þorvaldur. „Ég er sjálfur gjarnan með burkna inni á baði og zamiifoliu eða peperomiu. Þykkblöðungar þrífast vel inni á baði og friðarlilja kemur einnig til greina, einnig sensevaria. Það væri vel hægt að raða saman heilum frumskógi inni á baðherbergi og þar þarf einnig sjaldnar að vökva en í þurrari herbergjum hússins.“



Raki og mild birta gerir baðherbergið að besta herbergi hússins fyrir blóm.

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

BÓNUS · FJÖRÐUR · Samkaup · bóksala stúdenta

SMÁRALIND · Kringlan · N1 · nettó · olís · Háma






FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins.

HEYRNARHJÁLP

Heyrnarhjálp- félag heyrnarskertra á Íslandi
Langholtsvegi 111 • Reykjavík

www.heyrnarhjalp.is




# Heyrnarskaði algengur í afþreyingu

**Það er auðvelt að verða óvart fyrir heyrnarskaða við afþreyingu. Skaðinn getur verið hægfara og læðst aftan að fólki, en eyrnatappar geta verndað eyrun án þess að skemma upplifunina.**


Hávaðinn á tónleikum getur auðveldlega verið svo mikill að hann valdi heyrnarskemmdum. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Algengasta orsök heyrnarskaða er hávaði sem auðvelt er að fyrirbyggja og aðeins eitt tilvik hávaða getur verið nóg til að valda varanlegum heyrnarskemmdum. Þó heyrnarskaði sé algengari hjá eldra fólki glímir fólk á öllum aldri við vandamál tengd honum.

Í rannsókn hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni á heyrnartapi hjá ungu fólki var komist að þeirri niðurstöðu að 1,1 milljarður ungs fólks á aldrinum 12-35 ára sé í hættu á heyrnarskemmdum vegna umhverfishávaða sem tengist afþreyingu. Sumir sérfræðingar hafa jafnvel haldið því fram að ungt fólk í dag sé í sérstökum áhættuhópi hvað heyrnarskemmdir varðar, því það er oft í hávaða tengdum afþreyingu, eins og á tónleikum, skemmtistöðum og að hlusta á tónlist með heyrnartól.

Hættan á heyrnarskaða tengist því hversu nálægt uppruna hávaðans maður er og hversu lengi maður er í honum. Hljóðstyrkur venjulegra samræðna er um 65 desibel og allt undir 75 desibelum er hættulaust. En ef maður er í umhverfi þar sem hávaðinn er yfir 85 desibelum í átta tíma getur það valdið varanlegum skemmdum og það sama gildir um hávaða yfir 110 desibelum í tvær mínútur. Þess vegna eru margir háværir vinnustaðir skyldaðir til að láta starfsfólk sitt hafa eyrnahlífar til að vernda heyrnina.


Eyrnatappar geta komið sér vel á háværum tónleikum og íþróttaviðburðum.

En á tónleikum og skemmtistöðum er hávaði oft á milli 100 og 120 desibel og fólk þarf að passa sig sjálft. Því er ekki óalgengt að finna fyrir suði, hellu eða jafnvel sársauka í eyrunum eftir að hafa farið á tónleika eða skemmtistað. Þar sem hávaðinn veldur meiri skemmdum með tímanum geta tveggja klukkustunda langir tónleikar, svo ekki sé minnst á tónlistarhátíð sem varir allan daginn, valdið töluverðum heyrnarskemmdum, ef ekki er varlega farið. Það er því áhætta fólgin í að fara á tónleika án þess að gera viðeigandi varúðarráðstafanir.

Við höfum flest upplifað að vera í einhvers konar hávaða og finna svo fyrir suði eða ískri í eyranu og heyra aðeins verr. En fljótlega jafnar heyrnin sig, svo yfirleitt höfum við engar áhyggjur af þessu. En þó okkur líði eins og eyrun hafi jafnað sig getur hávaðinn valdið skemmdum á örsmáum hárum í eyrunum og tengingum sem flytja upplýsingar frá eyrunum til heilans. Þetta getur valdið vandræðum við að heyra og skilja tal þegar það eru bakgrunnshljóð, því eyrað á erfiðara með að aðgreina ólík hljóð og þau renna saman. Þetta getur líka valdið eyrnasuði, sem getur verið stanslaust og mjög óþægilegt.


Sumir telja að mikil notkun á heyrnartólum auki áhættuna á heyrnarskemmdum hjá ungu fólki.

Ef þú ert í hávaða þar sem þú getur ekki heyrt fólk sem er tvo metra frá þér tala við þig eða þig byrjar að verkja í eyrun, þá er heyrnin líklega að verða fyrir skaða og það borgar sig að taka smá hlé frá látunum, eða vera með eyrnatappa.

Það skiptir máli að nota rétta tegund af eyrnatöppum ef maður ætlar á tónleika, því maður vill heyra tónlistina vel. Það er hægt að fá eyrnatappa sem eru sérstaklega hannaðir fyrir tónlist og lækka hljóðstyrkinn, í stað þess að sía út hljóð eins og hefðbundnir ódýrir eyrnatappar, sem geta skemmt upplifunina af tónlistinni.

Það er mjög auðvelt að valda óvart skaða á heyrn sinni og þegar skaðinn er skeður er hann varanlegur. En það er vel hægt að nota eyrnatappa án þess að það skemmi neitt fyrir skemmtuninni. Það er því full ástæða til að taka enga áhættu og verja eyrun.

Beislaðu hávaðan með Ecophon

Ecophon SOLO plöturnar hafa reynst einstaklega vel þar sem þær hafa verið notaðar t.d. á heimilum, skrifstofum og í opnum rýmum.

Ecophon SOLO plöturnar draga úr bergmáli og glymjanda og hjálpa til að gera rýmið notalegt og þægilegt án þess að spilla útlitinu.

Það þarf ekki að heilklæða loftið til að fá góða hljóðvist í hvert rými, með Ecophon solo er nóg að nota 30-40 % af loftafleti.

Ecophon býður einnig upp á frábærar hljóðlausnir sem virka og endast fyrir kennslustofur, leikskóla og alla staði þar sem glymjandi er mikill.



Ecophon®

ÁLTAK

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is

# Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana

HEYRN

Fjölbreytt úrval af þægilegum heyrnarsíum er í boði hjá heyrnarþjónustunni Heyrn í Hlíðasmára.

Heyrnarskerðing er einn algengasti kvilli sem hrjáir fólk sem komið er um og yfir miðjan aldur og hefur mikil og neikvæð áhrif á lífsgæði þess. Þrátt fyrir fjölda rannsókna á heyrnarskerðingu og orsökum hennar eru á hverjum degi einstaklingar sem dvelja í áhættusömu umhverfi án þess að hlífa heyrn sinni. Þannig má nefna að viðvarandi hljóðstyrkur sem nær 85 dB í samfellt átta klukkustundir getur valdið heyrnarskerðingu og til að setja það í samhengi þá getur starfsfólk á veitinga- og skemmtistöðum búið við hávaða sem nær allt að 100 dB. Raunar sýna hávaðamælingar einnig að í skólum, leikskólum, íþróttahúsum og sundhöllum hér á landi fer meðaltal hljóðstigs oft yfir hættumörk.

„Það er algengur misskilningur að fólk geti merkt það sjálft þegar hávaði verður skaðlegur. Hið rétta er að hár hljóðstyrkur getur valdið skemmdum löngu áður en viðkomandi fer að finna fyrir sársauka í eyrum af völdum hans,“ segir Ellisif K. Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn í Kópavogi, og bætir við að heyrnarskemmdir séu óafturkræfar, því sé jafn gott að fara vel með heyrnina. Heyrn er í Hlíðasmára 11 í Kópavogi þar sem boðið er upp á vandaða heyrnarþjónustu, fræðslu um heyrnarvernd, vönduð heyrnartæki og heyrnarsíur. Síur sem slíkar dempa skaðlegan hávaða án þess að breyta blöndun og tónblæ hljóðsins og henta vel fyrir þá sem þurfa að verjast hávaða, t.d vélstjóra, flugmenn, vörubílstjóra, iðnaðarmenn, kennara, tónlistarfólk og starfsfólk og gesti veitinga- og skemmtistaða. Ellisif segir að það sé ekki endilega góð lausn í öllum aðstæðum að loka algjörlega fyrir eyrun með heyrnartöppum eða heyrnarhlífum því oft og tíðum sé nauðsynlegt að heyra það sem fram fer, þá henti heyrnarsíurnar betur.



Allar gerðir eiga það sameiginlegt að þægilegt er að nota þær.



Heyrnarsíur eru frábær lausn.



„Það er algengur misskilningur að fólk geti merkt það sjálft þegar hávaði verður skaðlegur,“ segir Ellisif K. Björnsdóttir heyrnarfræðingur.

## Heyrnarpróf á netinu

Í um 90% tilvika skerðist heyrnin vegna þess að örfín skynhár í innra eyranu skemmast. Þegar það gerist eru þau skemmd til frambúðar, þ.e. skemmdina er ekki hægt að lækna, og óvirk skynhár valda því að heilinn fær ekki boð um öll hljóð sem þarf til að skilja talmál á réttan hátt.

Að lifa með heyrnarskerðingu er að sætta sig við að eitt skilningarvitanna fimm sé næstum óvirkt. Margir draga sig í hlé og hætta að fara á mannamót þar sem þeir þurfa að fylgjast með samræðum og leggja eitthvað til málanna. Það er enda mjög þreytandi fyrir þann sem er með skerta heyrn að reyna að halda uppi samræðum.

Á vefnum heyrn.is, er að finna heyrnarpróf en með því má kanna skilning á talmáli við mismunandi bakgrunnshávaða. Prófið getur gefið vísbendingu um heyrnarskerðingu en eingöngu má líta á það sem fyrstu skimun. Þeir sem taka skimunina á netinu og fylla inn upplýsingar um sig geta svo fengið fría heyrnargreiningu í Hlíðasmáranum.

## Gleypa mesta hávaðann

Hjá Heyrn má finna fjölbreytt úrval af heyrnarsíum og til dæmis hefur sænska fyrirtækið Bellman & Symfon þróað heyrnarvörn með gleypnisíum. Síurnar gleypa mesta hávaðann en samt má halda uppi samræðum. Heyrnarsíurnar henta fyrir mismunandi aðstæður og bæði er um að ræða staðal- og sérsmíðaðar síur. Allar gerðirnar eiga það þó sameiginlegt að þær er þægilegt að nota.

Einnig býður Heyrn upp á nýja gerð af heyrnarsíum frá hollenska fyrirtækinu Noizezz en þær eru hannaðar þannig að þær sjást varla. Síurnar eru gerðar úr gegnsæju sílikoni sem ber mjög lítið á og eru hannaðar samkvæmt einkaleyfi. Þar sem þær standa ekkert út úr hlustinni má nota þær með öðrum tækjum svo sem heyrnartólum, gleraugum og hjálmi án vandræða. Þar sem þær eru inni í hlustinni kemur það í veg fyrir að eitthvað rekist í síurnar þannig að þær gangi inn í eyrun.




Er hávaði á þínum vinnustað?

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði.
Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg!
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.



Hefðbundin



Eyrnatappar



Bluetooth



Fyrir samskipti



Áföst á hjálmi



Í skotveiðina



Líka fyrir börnin



DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

# Optibac fyrir þarmaflóruna

**Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér. Frábær kostur fyrir þá sem vilja breiðvirka gerlablöndu.**

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“


Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti.

> **For every day er frábær blanda sex tegunda gerla af vel rannsökuðum vinveittum bakteríum sem þola magasýrur og sölt og komast þannig lifandi í smáþarmana.**

### Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upptöku næringarefna en hefur líka víðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp.

„Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn trefja er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öfluga blöndu vinveittra gerla.“




### Optibac For women

„Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig.

For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærasvæðið og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru leggangaanna.

Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru legganganna. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og hollt og gott mataræði,“ segir Ösp. **Optibac For women** inniheldur góðgerla sem komast í gegnum meltinguna, á kynfærasvæði og setjast þar að og byggja upp heilbrigða gerlaflóru.




**Rannsóknir hafa sýnt fram á betri útkomu við sveppasýkingu þegar For women er tekið með sveppalyfjum.**






**For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim.**

- Gegn sveppa-, þvagrásar- og bakteríusýkingu
- Hentar konum á öllum aldri
- Má taka á meðgöngu og með brjóstagjöf
- 1-2 hylki á dag með mat, helst með morgunmat
- Má taka að staðaldri

***Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.***


SUMARYFIRHAFNIR Í ÚRVALI

SUMARFRAKKAR frá kr. 18.900 - FISLÉTTIR DÚNJAKKAR frá kr. 19.900













BERNHARÐ LAXDAL

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

**STÓRA BÍLASALAN**



TOYOTA Land Cruiser 150 Series. Árgerðir 2017, eknir 25-30 Þ.KM, Dísel, Sjálfsk. Verð frá 6.890.000kr.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**SUZUKI**



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**NÝJA BÍLAHÖLLIN**
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



MAZDA 6 awd optimum. Árgerð 2017, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.790.000. Mjög vel útbúinn umboðsbíll Rnr.116277.



FORD F350 lariat ultimate fx4. Árgerð 2017, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 7.250.000. Mjög vel útbúinn Rnr.212931.



DODGE Ram 3500 laramie. Árgerð 2018, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 6.645.000. Rnr.212911.



DODGE Ram 1500 laramie premium diesel . Árgerð 2017, ekinn 100 KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.580.000.Mjög vel útbúinn Rnr.212830.

**NÝJA BÍLAHÖLLIN**
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



VOLVO Xc60 inscription t8 hybrid. Árgerð 2018, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.690.000.Mjög vel út búinn bíll Rnr.212959.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Varahlutir

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Húsaviðhald

**ÞAK.IS**

**ÞAKMÁLUN ÞAKMÁLUN**
Er ekki kominn tími að mála þakið. Við hjá þak.is gerum tilboð í ykkar þak að kostnaðarlausu uppl.6996980

**SÖGUN OG BORUN.**
Kjarnaborun og steypusögun. Múrbrot, raufar í gólf fyrir hitalagnir og rafmagn.
**S: 7778371/ 8923553**

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- **Smíðavinna**
- **Múrvinna**
- **Málningarvinna**

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
**Eind ehf**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**k2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Hreinsa þakrennur, laga á þökum og tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



hyrfi úr hluthafahópnum.

Er í því sambandi bent á að margir fisksalar, til dæmis í Bretlandi og Bandaríkjunum, veigri sér við að kaupa fisk frá HB Granda vegna tengsla fyrirtækisins við Hval. Alþjóðleg dýra- og náttúruverndarsamtök hafa jafnframt margsinnis skorað á fisksala og neytendur að sniðganga fyrirtækið með öllu.

Guðmundur hefur sagst vonast til þess að með kaupunum skapist grundvöllur fyrir náið samstarf Brims og HB Granda. Hann vísaði meðal annars til þess að ólíkt Brimi ræki HB Grandi landvinnslur sem Brim gæti hugsanlega nýtt. Þá felast veruleg tækifæri í sameiginlegu markaðs- og sölustarfi fyrirtækjanna tveggja á alþjóðlegum mörkuðum. „Í stað þess að hver sé í sínu horni, eins og raunin hefur verið í tilfelli íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, gætu fyrirtækin bundist böndum og nýtt krafta hvort annars,“ segir sérfræðingur á fjármálamarkaði. „Hægt er að horfa til þess hvernig Norðmenn haga samstarfi við sölu á fiski og Nýsjálendingar við sölu á kjöti. Vonandi er Guðmundur að feta sig í þessa átt.“

Kjartan segir að spennandi verði að fylgjast með því hvaða tækifæri nýr hluthafi sjái í kaupunum. „Það er eðlilegt að það verði á einhverjum tímapunkti bæði kynslóðaskipti og breytingar á sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem reynt er að bregðast við breyttum aðstæðum,“ nefnir hann.

Einn viðmælandi sem þekkir vel til stöðu mála segir að fjárfesting Brims gæti verið upptaktur að því að félagið verði skráð á hlutabréfamarkað. Ákvörðun lífeyrissjóða um að hafna yfirtökutilboði Brims myndi gefa sterka vísbendingu um að sjóðirnir hafi mikinn áhuga á því að fá fleiri sjávarútvegsfyrirtæki á markað. Þegar best lét um síðustu aldamót voru 24 sjávarútvegsfyrirtæki, þar á meðal átta af tíu kvótamestu fyrirtækjum landsins, skráð á markað. Nú er HB Grandi eina skráða sjávarútvegsfyrirtækið.

## Bjartari horfur í rekstri

Hlutabréfagreinendur sem Markaðurinn ræddi við eru ekki á einu máli um hvort yfirtökutilboð Brims – 35 krónur á hlut – sé sanngjarnt. Til samanburðar stóð gengi bréfa HB Granda í 30,2 krónum á hlut þegar tilkynnt var um kaupin en eftir lokun markaða í gær var það 34 krónur. Þeir eru þó sammála um að eftir nokkur erfið ár séu rekstrarhorfur HB Granda bjartar. „Okkur þykir félagið vera komið fyrir mesta vindinn. Það verða sennilega krefjandi rekstrarskilyrði á næsta ári en erfiðasti hjallinn er að baki,“ segir Snorri Jakobsson, ráðgjafi hjá Capacent.

Yfirtökutilboðið er um 28 prósentum hærra en verðmatsgengi Capacent á HB Granda en tæplega sex prósentum hærra en verðmatsgengi IFS. Þess ber þó að geta að verðmat IFS er frá því í desember á síðasta ári. Töldu greinendur ráðgjafarfyrirtækisins þá að markgengi bréfanna til næstu tólf mánaða yrði 0,3 evrur eða 36,9 krónur miðað við núverandi gengi krónunnar.

„Það er afar algengt þegar keyptur er stór eignarhlutur í fyrirtæki að greitt sé fyrir hann yfirverð. Í þessu tilfelli sýnist mér að Brim sé að greiða mjög hraustlegt yfirverð,“ segir Snorri og bætir við: „Það er vitaskuld samningsatriði hverju sinni hvað þarf að greiða mikið til þess að eignast ráðandi hlut í fyrirtæki, en samkvæmt okkar mati er nokkuð vel í lagt. Síðan geta menn haft mismunandi skoðanir á framtíðarsýn félagsins. Það er auðveldlega hægt að vera bjartsýnni á rekstrarhorfurnar en við.“

Í nýlegu verðmati Capacent er gert ráð fyrir nokkrum bata í rekstri HB Granda á næstu árum. „Félagið hefur staðið í hagræðingu í botnfiskvinnslu og er auk þess að taka í notkun nýja ísfisktogara sem eru hagkvæmari og skilvirkari í rekstri en þeir eldri. Áhrif þessa munu sennilega koma fram af fullum þunga á þessu ári. Auk þess er ólíklegt að annað sjómannaverkfall skelli á í ár, líkt og í fyrra, og eins er ágætis ástand á flestum fiskistofnum. Við teljum því að árið 2018 verði töluvert betra ár fyrir félagið en 2016 og 2017,“ segir Snorri.

Annar hlutabréfagreinandi bendir á að upplausnarvirði HB Granda, sé töluvert hærra en markaðsvirði félagsins. Félagið sé þannig greinilega of lágt verðlagt, miðað við þann mælikvarða, og í því felist tækifæri fyrir Brim til þess að „vinna betur með það“.

Viðmælendur Markaðarins taka jafnframt fram að dregið hafi úr pólitískri óvissu með myndun nýrrar ríkisstjórnar og það hafi góð áhrif á rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja líkt og HB Granda. Engar verulegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu séu í farvatninu. Athygli vakti á uppgjörsfundi fyrr á árinu þegar stjórnendur félagsins sögðu að pólitísk óvissa hefði minnkað.

Kjartan nefnir að vaxtarmöguleikar HB Granda og fleiri íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem séu í námunda við lögbundið 12 prósenta þak á kvótaeign séu mjög takmarkaðir. Hafa þurfi í huga að umrædd fyrirtæki eigi í alþjóðlegri samkeppni.

„Íslenskar útgerðir eru litlar í stóra samhenginu. Þær verða að fá að vaxa áfram og hagræða í rekstri. Þær hafa á síðustu árum fjárfest umtalsvert í öflugri tækjum og skipum sem kallar á aukið magn í gegnum framleiðsluferilinn. Til lengri tíma þarf að finna leiðir fyrir þessi fyrirtæki til þess að stækka og ná fram stærðarhagkvæmni. Ef við getum sammælst um mikilvægi þess að arðsemi auðlindarinnar verði hámörkuð, svo sem með aukinni hagkvæmni, þá hljótum við að þurfa að ræða þær stærðartakmarkanir – fílinn í herberginu – sem hafa verið festar í lög. Það er óhjákvæmilegt.“

## Brim og HB Grandi ekki tengd fyrirtæki

Þrátt fyrir að Brim hafi keypt ríflega þriðjungshlut í HB Granda verða fyrirtækin líkast til ekki talin tengd í skilningi laga um stjórn fiskveiða. Samanlögð aflahlutdeild fyrirtækjanna má því fara yfir leyfilegt 12 prósenta hámark sem sama fyrirtæki eða tengdum fyrirtækjum er heimilt að eiga af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra fisktegunda á Íslandsmiðum.

Eftir viðskiptin á Brim stóran eignarhlut í fyrirtækjum sem ráða samanlagt yfir 20,3 prósentum alls kvóta við strendur landsins. Samkvæmt nýlegum tölum frá Fiskistofu á HB Grandi, sem er langsamlega kvótamesta útgerð landsins, aflahlutdeild sem nemur 10,9 prósentum af heildarkvótanum. Brim ræður yfir 3,5 prósentum kvótans, Ögurvík, sem Brim á að fullu, 1,5 prósentum og Vinnslustöðin, sem Brim á þriðjungshlut í, 4,4 prósentum.

Fiskistofa fylgist með því hvort samanlagður kvóti fyrirtækja sem teljast tengd fari yfir umrætt 12 prósenta hámark. Í lögum um stjórn fiskveiða er meðal annars áskilið að fyrirtæki eigi meirihluta hlutafjár í öðru fyrirtæki til þess að um tengd fyrirtæki séu að ræða. Þó dugir að annað fyrirtækið hafi „raunveruleg yfirráð“ yfir hinu fyrirtækinu. Það skilyrði er matskennt en að sögn lögmanns sem Markaðurinn ræddi við er hugtakið fengið úr samkeppnisrétti og er því ætlað að ná yfir aðstæður þar sem fyrirtæki hefur ráðandi stöðu innan annars fyrirtækis án þess að það sé í krafti meirihlutaeignar.

Ólíklegt verður að teljast að Fiskistofa meti það svo að Brim og HB Grandi séu – eftir viðskiptin – tengd fyrirtæki í þessum skilningi.

Sem dæmi teljast útgerðirnar Samherji og Síldarvinnslan ekki tengd fyrirtæki jafnvel þótt fyrrnefnda fyrirtækið eigi um 45 prósenta hlut í því síðarnefnda og forstjóri Samherja og stjórnarformaður Síldarvinnslunnar sé einn og sami maðurinn.

Fram kom í skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 2010 að Fiskistofa teldi erfitt að ná utan um raunveruleg tengsl fyrirtækja sem jafnvel væru flestum kunn. Var haft eftir Eyþóri Björnssyni fiskistofustjóra í fjölmiðlum árið 2012 að regluverkið mætti vera skýrara að þessu leyti. Ýmsir stjórnmálamenn tóku undir það en sem dæmi hvatti Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi atvinnuvegaráðherra, til þess að lögunum yrði breytt til þess að koma í veg fyrir að aflaheimildir söfnuðust á hendur tengdra félaga. Lögin virkuðu greinilega ekki sem skyldi.




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Tiltrú og væntingar íslenskra neytenda



**Guðni Rafn Gunnarsson**
sviðsstjóri fjölmiðla- og hagrannsókna

**Væntingavísitala Gallup** 1




Undanfarin 17 ár hefur Gallup mælt tiltrú og væntingar landsmanna mánaðarlega með það að leiðarljósi að fá innsýn í hugarfar íslenskra neytenda. Markmiðið með mælingum á Væntingavísitölu Gallup er að fá fram vísbendingar um þróun á einkaneyslu. Væntingavísitala Gallup byggir á fimm spurningum sem snúa að mati á efnahagsaðstæðum og ástandi í atvinnumálum nú og eftir sex mánuði ásamt væntingum til heildartekna eftir sex mánuði. Vísitalan getur tekið gildi á bilinu 0-200 og ef hún er hærri en 100 eru fleiri jákvæðir svarendur en neikvæðir og öfugt ef gildi vísitölunnar er lægra en 100.

Á mynd 1 má sjá gildi Væntingavísitölu Gallup frá upphafi mælinga. Fyrsta gildi vísitölunnar í mars 2001 mældist 108,3 og má því segja að íslenskir neytendur hafi verið heldur jákvæðir í byrjun mælinga en þegar leið á árið 2001 þyngdust brúnir. Á fyrri hluta árs 2002 hækkaði vísitalan aftur og mældist yfir 100 stigum nær samfleytt til niðursveiflunnar 2006. Væntingavísitala Gallup hækkaði í kjölfar „litlu kreppunnar“ og náði hæsta gildi sínu, 155 stigum, í góðærinu í maí 2007. Leitni vísitölunnar var svo niður á við frá miðju ári 2007 og féll hún niður í 23 stig í nóvember 2008 í fyrstu mælingu eftir bankahrun. Má því segja að neytendur hafi að einhverju leyti séð fyrir að staða efnahagsmála væri viðsjárverð. Frá hruni hefur verið stígandi í vísitölunni ef frá eru taldar nokkrar sveiflur eins og lækkun í kringum mótmælin í október 2010 og hækkun í kringum alþingiskosningar. Væntingavísitala Gallup hefur tilhneigingu til að hækka í aðdraganda alþingiskosninga þegar kjósendur vænta betri tíðar eins og sjá má á bláu súlunum. Undanfarin misseri hefur Væntingavísitala Gallup mælst há en frá miðju ári 2015 hefur gildi vísitölunnar samfleytt mælst yfir 100 stigum og vel það.

**Mat á núverandi ástandi og væntingar á ástandi til sex mánaða** 2




**Væntingavísitala Gallup og bílasala** 3




Samhliða útreikningi á Væntingavísitölu Gallup eru reiknaðar undirvísitölur sem snúa annars vegar að mati á núverandi ástandi og hins vegar að væntingum til aðstæðna eftir sex mánuði. Mynd 2 sýnir þróun á þessum undirvísitölum. Í góðærinu á árunum fyrir hrun mældist mat á núverandi ástandi hærra en væntingar að hálfu ári liðnu en það stöðumat breyttist í hruninu. Eftir hrun mældust væntingar til framtíðarinnar hærri en mat á núverandi ástandi þar til á fyrri hluta árs 2016 þegar mat á núverandi ástandi hækkaði umfram væntingar og hefur mælst hærra allar götur síðan. Í síðustu mælingu á Væntingavísitölu Gallup í mars mat helmingur þjóðarinnar ástandið í efnahagsmálum gott sem er svipað hlutfall og á árunum fyrir hrun.

Þegar gildi Væntingavísitölu Gallup er greint eftir hópum kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Karlar eru almennt jákvæðari en konur hvað mat á efnahags- og atvinnuástandi varðar og mælist gildi vísitölunnar hjá körlum nær undantekningarlaust hærra. Þannig mælist meðaltal vísitölunnar frá upphafi mælinga 105 stig hjá körlum en 84 stig hjá konum. Eftir því sem fólk er yngra mælist vísitalan að jafnaði hærri og íbúar á á suðvesturhorni landsins eru jákvæðari en þeir sem búa í öðrum landshlutum. Fólk með lengri menntun er almennt jákvæðara og eftir því sem fjölskyldutekjur eru hærri þeim mun hærra er gildi Væntingavísitölu Gallup.

Eins og áður segir er tilgangurinn að fá fram vísbendingar um þróun einkaneyslu. Ef neytendur hafa tiltrú á núverandi aðstæðum í efnahags- og atvinnumálum og eru bjartsýnir á aðstæður í náinni framtíð eru þeir líklegri en ella til að auka einkaneyslu. Á mynd 3 má sjá ársmeðaltöl Væntingavísitölu Gallup á vinstri ás og fjölda nýskráninga nýrra fólksbifreiða á hægri ás, eftir árum. Af myndinni má sjá fylgni milli þessara stærða. Benda má á að Væntingavísitala Gallup mældist heldur lægri 2017 en árið á undan og fyrstu þrír mánuðir ársins í ár mælast aðeins lægri en í upphafi árs í fyrra. Þess ber að geta að inni í skráningum nýrra bíla er sala til bílaleiga sem gæti skekkt samanburðinn en það má velta fyrir sér hvort þarna sé að finna vísbendingu um að hægst gæti á sölu nýrra bíla.

Nú tíu árum eftir hrun eru íslenskir neytendur almennt bjartsýnir og tiltrú þeirra og væntingum svipar til aðstæðna í síðasta góðæri. Vonandi hafa þeir ástæðu til að halda fluginu áfram áður en komið er inn til mjúkrar lendingar eins og er nú tíðrætt.






TIL LEIGU

# VÍKURHVARF 1





TIL LEIGU UM 3.100 FERMETRAR



VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTURÝMI FRÁ 400 FERMETRUM



IÐNAÐAR- OG LAGERRÝMI FRÁ 950 FERMETRUM

## VÍKURHVARF 1

Einstakt iðnaðarhúsnæði í Kópavogi með rúma lofthæð og vítt til veggja. Húsið er byggt árið 2007 hentar vel undir verslunar- og lagerstarfsemi. Stærð leigurýmis er um 3.100 fermetrar. Stærsti hlutinn er með um 6 metra lofthæð. Hægt er að hólfa rýmið í smærri einingar. Iðnaðar- og lagerrými geta verið frá 950 fermetrum og verslunar- og þjónusturými frá um 400 fermetrum við umferðagötu. Góð bílastæði og gott aðgengi.

**Nánari upplýsingar í síma 849-2379 og ger@ger.is**

## Skotsilfur

### Hvað gera Stoðir við peningana?



Þegar yfirtakan á drykkjarframleiðandanum Refresco gengur að fullu í gegn á næstu dögum verður eigið fé Stoða, áður FL Group, liðlega átján milljarðar króna. Rekstri félagsins verður ekki hætt, heldur stendur vilji meirihluta hluthafa, þar á meðal **Jóns Sigurðssonar** stjórnarformanns, til þess að koma á fót fjárfestingafélagi. Margir spyrja sig því nú hvað Stoðir hyggist gera við alla peningana. Ekki þykir til dæmis ólíklegt að forsvarsmenn Kaupþings biðli til félagsins um að taka virkan þátt í fyrirhuguðu útboði Arion banka. Eignarhlutir í ríkisbönkunum verða jafnframt líkast til falir á næstu árum.

### Heitt undir Finni



Síðustu uppgjör Origo hafa valdið töluverðum vonbrigðum. Hækkandi launakostnaður hefur leikið fyrirtækið grátt og þá hefur því einfaldlega gengið illa að selja vörur sínar. Það kom því ekki mörgum á óvart þegar fyrirtækið varaði við því í síðustu viku að tap þess yrði á bilinu 30 til 40 milljónir á fyrsta fjórðungi borið saman við 70 milljóna hagnað á sama tíma í fyrra. Nú reynir á það hvort **Finni Oddssyni** tekst að snúa skútunni við. Ef engin merki verða um rekstrarbata í næstu uppgjörum gæti hitnað undir forstjóranum.

### Forritari í bankaráð



Athygli vakti í síðustu viku þegar þingflokkur Pírata ákvað að endurskipa ekki Þór Saari í bankaráð Seðlabankans. Tekur Jacqueline Clare Mallett, doktor í tölvunarfræði, hans sæti. Þór var ekki sáttur og sagði þingflokkinn hafa vikið frá því að skipa fulltrúa í nefndir á faglegum forsendum. Píratinn **Björn Leví Gunnarsson** svaraði Þór fullum hálsi og rökstuddi valið svo að Mallett hefði mikla þekkingu á tölvunarfræði og líkanagerð við greiningar á fjármálareglum. Hvað sem hæfni Mallett líður er rökstuðningurinn heldur fátæklegur. Hvað kemur forritunarþekking eða líkanagerð bankaráði Seðlabankans við?

## Sker upp herör gegn tæknirisum




Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hvatti stjórnvöld í ríkjum um allan heim til þess að herða eftirlit með tæknirisum á borð við Amazon og Google í ávarpi sínu á vorfundi sjóðsins í Washington-borg í síðustu viku. Hún sagði að sterk staða stórra tæknifyrirtækja væri til þess fallin að hefta nýsköpun og draga úr framleiðni. „Við þurfum að hugsa hlutina upp á nýtt og það fljótt,“ sagði Lagarde. NORDICPHOTOS/GETTY

# Treyst á 13 ára hagvaxtarskeið



**Óttar Snædal**
hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins

Fyrsta fjármálaáætlun sitjandi ríkisstjórnar liggur nú fyrir Alþingi. Tónninn var sleginn fyrr á árinu þegar fjármálastefna ríkisstjórnarinnar var lögð fram og er áætlunin í grunninn nánari útfærsla á stefnu stjórnvalda í opinberum fjármálum á komandi árum. Þó margt jákvætt megi draga úr báðum þessum stefnumarkandi plöggum þá fyllist brjóst manns sárum trega leiti hugurinn til þeirrar skammsýni sem einkennir heildarstefnuna.

Það ætti ekki að koma á óvart að stjórnmálamenn hafi tilhneigingu til að takmarka hve langt þeir horfa fram á veginn. Slíkt er eðli starfsins. Frumforsenda framlagðrar áætlunar virðist sú að þessi uppsveifla muni ólíkt öðrum seint taka enda. Frá stríðslokum hafa hagvaxtarskeið að meðaltali verið um fjögur ár á Íslandi en nú eiga sex ár af samfelldum hagvexti að bætast við þau sjö sem þegar eru liðin. Það mun seint teljast ábyrg stefna að treysta á eina lengstu efnahagsuppsveiflu Íslandssögunnar en um leið stefna að því að skila svo takmörkuðum afgangi. Munum við Íslendingar naga okkur í handarbökin fari svo að uppsveiflan fylli ekki þrettán ár og nauðsynlegt verði að ráðast í mikinn niðurskurð eða skattahækkanir í næstu niðursveiflu þrátt fyrir met í skattheimtu árin á undan.

Hin rétta forgangsröðun þegar vel árar er að búa í haginn. Vissulega er ástæða til að hrósa stjórnvöldum fyrir frábæran árangur við að lækka skuldir á undanförnum árum. Skuldalækkunin er hreint lygileg en áætlað er að í lok þessa árs hafi skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu meira en helmingast frá árinu 2010. Því fer þó fjarri að við séum komin fyrir vind. Vaxtakostnaður er enn baggi á opinberum rekstri og jafnvel þó fjármálaáætlunin gangi eftir að öllu leyti þá verða skuldir enn, í lok 13 ára hagvaxtarskeiðs, hærra hlutfall landsframleiðslu en þær voru árið 2007.

Ástæða lítils afgangs af opinberum rekstri er sannarlega ekki tekjuskortur. Í kjölfar efnahagshrunsins síðasta voru skattar hækkaðir markvert á bæði fólk og fyrirtæki og voru það auknar skatttekjur frekar en niðurskurður sem brúuðu fjárlagagatið. Þó mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan þá standa skattahækkanirnar enn að mestu óhreyfðar. Aukin efnahagsumsvif við hærri skattprósentur hafa skilað því að skattheimta er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Þegar er farið að hægja á hagvexti en þrátt fyrir það eru tekjur hins opinbera enn gríðarlegar bæði í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Það er ekki að sjá að það trufli stjórnvöld eða aðra þingmenn mikið að Ísland sé orðið háskattaríki.

Það virðist nefnilega ágætis samhljómur um það þvert á flokka að árangur sé best mældur í útgjöldum. Virðist mestu skipta að útgjöldin aukist sem mest og til sem flestra málaflokka. Er það skrýtin stefna miðað við núverandi stöðu. Þó bæði sé leiðrétt fyrir mannfjölda og verðlagsbreytingum þá eru opinber útgjöld nú orðin meiri en þau hafa nokkru sinni verið og er Ísland í hópi þeirra þróuðu ríkja þar sem umsvif hins opinbera eru mest. Auðvitað skortir alltaf fé til þarfra verka en það er hlutverk stjórnmálanna að forgangsraða við útdeilingu þess fjár sem við treystum þeim fyrir og eins að fylgja því eftir að opinbert fé sé vel nýtt. Það gefur augaleið miðað við stærð útgjaldarammans að standi vilji til að auka framlög til vissra málaflokka þá má draga úr framlögum til annarra.

Fjármálaáætlunin er sem betur fer engin lokaafurð núverandi ríkisstjórnar. Hin eiginlega stefna mun birtast í fjárlögum og annarri lagasetningu á komandi árum. Að mörgu leyti stendur hið opinbera vel og verður ekki deilt um árangur síðustu ára. Opinber rekstur hvílir þó ávallt á almenningi þessa lands og þeirri verðmætasköpun sem til verður í samfélaginu. Er því ábyrgðarhluti að gæta ekki varfærni í opinberum rekstri. Safna ber forða þegar vel árar því það er eitt að spenna bogann í eigin bókhaldi en bara ljótt að gera það með fé skattborgara.

# Eru samræmd próf brot á jafnræðisreglu Barnasáttmála?



**Rakel Sölvadóttir**
verkefnisstjóri í HR, stofnandi Skema og FKA-félagskona

> **Þarna er verið að stilla börnunum upp fyrir höfnun og óréttlæti þar sem þau geta ekki klárað prófið**

Samkvæmt jafnræðisreglu 2. gr. Barnasáttmála, þá eiga öll börn að njóta sömu réttinda án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

Það eru mjög skiptar skoðanir um ágæti samræmdra prófa á Íslandi. Sumir telja mikilvægt að ná mælingum á grunnþáttum náms með þessu móti og bera saman milli skóla, sveitarfélaga og milli ára. Allt gott og blessað með það en verður þá ekki að gæta jafnræðis í fyrirlögn?

Vissulega er hægt að sækja um undanþágu frá því að taka prófin vegna til dæmis námsörðugleika. En eru niðurstöður þá ekki skekktar? Eru niðurstöður þá að gefa rétta sýn á námsárangur eins og prófin eru sett upp til að mæla?

Einnig er hægt að sækja um stuðningsúrræði og má þar nefna lengri próftíma og/eða upplestur á prófi. Þetta er gert með það að markmiði að nemendur eigi auðveldara með að sýna færni sína þrátt fyrir fötlun eða sérstakar aðstæður samkvæmt reglum um fyrirlögn samræmdra prófa. Þarna hélt ég að verið væri að gæta jafnræðis en nei, alls ekki. Þarna er verið að stilla börnunum upp fyrir höfnun og óréttlæti þar sem þau geta ekki klárað prófið. Úrræðið má nefnilega ekki skarast við þá færni sem verið er að meta, til dæmis við mat á lestrarfærni samkvæmt blessuðum reglunum.

Tökum sem dæmi barn með lesblindu. Sótt er um stuðningsúrræði og barnið fær því upplestur á prófi til að sýna færni sína. Því miður veitir þessi undanþága ekki jafnræði samkvæmt Barnasáttmála því að nemendinn fær einungis upplestur á hluta prófsins, yfirleitt helmingi eða tveimur þriðju af prófinu. Samkvæmt regluverkinu á nemandinn að hætta að vera lesblindur hinn hluta prófsins.

Er ekki kominn tími á að endurskoða þessa fyrirlögn eða hreinlega leggja hana niður þar sem hún er barn síns tíma?


25 ára afmælis-tilboð
Dondola®
Hirzlan
25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN – MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR
-30% af öllum vörum
Verð frá 48.700,-
Ódýrustu rafmagnsborðin á Íslandi!
Síðumúla 37,
108 Reykjavík.
Sími: 564-5040.
hirzlan@hirzlan.is.
www.hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. apríl 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Fyrsta fórnarlambið

**Útgerðarfélagið** Brim keypti í liðinni viku alla hluti er Kristján Loftsson og tengd félög héldu á í HB Granda. Við það myndast yfirtökuskylda í félaginu en Brim á nú ríflega 34% hlut. Miðað við síðasta viðskiptaverð, sem yfirtökutilboðið skal hljóða upp á að lágmarki, væri heildarvirði HB Granda því rétt tæpir 66 milljarðar króna í viðskiptunum.

**Athyglisvert** var að heyra Guðmund Kristjánsson í Brimi láta hafa eftir sér að hann vonaðist til að sem flestir hluthafa HB Granda myndu halda áfram á hlutum sínum í félaginu. Hann vildi alls ekki taka félagið yfir að fullu, og vildi halda skráningu þess í Kauphöllinni. Ekki er augljóst hvað lesa má í þessi orð, en að minnsta kosti má velta því upp hvað Guðmundi og Brimi gangi raunverulega til. Var ætlunin raunverulega að ná hlut sem færi yfir yfirtökumarkið, og vonast í kjölfarið eftir því að sem allra fæstir hluthafa myndu taka því yfirtökutilboði sem fylgdi í kjölfarið? Óvanaleg strategía svo ekki sé meira sagt.

**Eftir yfirtökuna** eiga fyrirtæki tengd Brimi ríflega fimmtung alls kvóta í landinu. Athyglisvert verður að sjá hvað bæði Fiskistofa og Samkeppniseftirlitið hafa um kaupin að segja: Fiskistofa um það hve stór hluti kvótans safnast þarna á sömu hönd, og Samkeppniseftirlitið um hvernig svo viðamikil ítök í sjávarútvegi samræmist samkeppnisreglum.

**Ekki er** síður áhugavert að velta fyrir sér hvernig aðrir hluthafar HB Granda munu taka tilboði Brims. Eins og endranær á íslenskum markaði eru lífeyrissjóðirnir langfyrirferðarmestir í hluthafahópnum. Munu þeir sætta sig við að vera algerir farþegar í félaginu, og geta þeir út frá samfélagslegum sjónarmiðum tekið þátt í rekstri þar sem svo stór hluti auðlindarinnar hefur safnast á eina hönd?

**Spennandi verður** að fylgjast með framvindunni. Eitt er víst að á hlutabréfamarkaði eins og þeim íslenska, þar sem velta er í algerri mýflugumynd og lífeyrissjóðirnir allt of stórir, þurfa tíðindi eins og vænt yfirtaka í HB Granda ekki að koma á óvart. Auðvitað hugsa fjársterkir menn sér gott til glóðarinnar þegar slíkládeyða ríkir á markaði. Ekki þyrfti að koma á óvart þótt HB Grandi væri bara fyrsta fórnarlambið. Hver veit nema næst verði kvótapeningar notaðir til kaupa á félögum í óskyldum rekstri.

## Björgvin Ingi til Deloitte

Björgvin Ingi Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar Íslandsbanka, hefur verið ráðinn sviðsstjóri Deloitte Consulting á Íslandi. Samhliða verður Björgvin einn eigenda Deloitte. Björgvin Ingi, sem hefur einnig starfað hjá Meniga og alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu Mckinsey & Company, er með MBA-gráðu frá Kellog School of Management og BS-gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands.



**Björgvin Ingi Ólafsson.**

Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte, segir að það sé mikil ánægja að fá Björgvin Inga í hópinn til þess að leiða uppbygginguna Deloitte Consulting sem er hluti af ráðgjafararmi fyrirtækisins í Evrópu og með um 50 starfsmenn á Íslandi. Stefnt er að frekari eflingu starfseminnar hér á landi.

Björgvin Ingi segist „hlakka til að leiða öfluga ráðgjafareiningu og er sannfærður um að sterkt bakland Deloitte Consulting á heimsvísu styður vel við frekari uppbyggingu öflugrar einingar á Íslandi“. **– hae**

**18.04.2018**

**Það yrði klárlega mikið högg ef annað flugfélagið færi og það tæki nokkur ár að ná einhverju jafnvægi. Það gefur augaleið.**



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air







# Allir hjá félaginu þurfa núna að spýta í lófana

**Eftir sex ára dvöl í Þýskalandi er Rúnar Sigtryggsson á heimleið og tekur við karlaliði Stjörnunnar. Hann segir að allir verði að róa í sömu átt í Garðabænum til að ná markmiðum félagsins. Hjá Stjörnunni hittir hann kunnugleg andlit.**

**HANDBOLTI** Undanfarin sex ár hefur Rúnar Sigtryggsson verið búsettur í Þýskalandi og starfað þar við þjálfun. Hann stýrði Aue í fjögur ár og var svo ráðinn þjálfari úrvalsdeildarliðsins Balingen-Weilstetten. Rúnar stýrði liðinu í tæpt eitt og hálft ár en var látinn fara þaðan í október.

Hann er nú á heimleið og tekur við karlaliði Stjörnunnar. Rúnar gerði þriggja ára samning við Garðabæjarliðið í gær en hann tekur við liðinu af Einari Jónssyni sem kom liðinu upp í Olís-deildina í fyrra og í úrslitakeppnina á fyrsta ári í efstu deild.

„Ég átti í viðræðum við úrvalsdeildarlið en eftir að það datt upp fyrir var stefnan að fara heim. Ég er búinn að vera lengi í fríi, hálft ár,“ segir Rúnar í samtali við Fréttablaðið.

„Þegar það var ekkert meira spennandi en maður var búinn að gera hérna var það okkar skref að fara heim. Það var svo mjög ánægjulegt þegar Stjarnan hafði samband.“

Stjörnumenn enduðu í 7. sæti Olís-deildarinnar í vetur og féllu úr leik fyrir Selfyssingum í 8-liða úrslitum úrslitakeppninnar.

„Menn vilja gera betur og sumum finnst að þeir hefðu átt að gera betur í vetur. En taflan lýgur ekkert, maður er ekkert betri en hún sýnir. Það þurfa allir að spýta í lófana.“

Hjá Stjörnunni hittir hann fyrir tvo leikmenn sem spiluðu undir hans stjórn hjá Aue; Bjarka Má Gunnarsson og Sveinbjörn Pétursson.

„Bjarki er einn besti varnarmaður sem ég hef unnið með og það gekk mjög vel síðast. Svo eru þarna mjög efnilegir leikmenn sem maður hefur fylgst með eins og Aron Dagur [Pálsson] og Egill [Magnússon],“ segir Rúnar.

> **Bjarki Már er einn besti varnarmaður sem ég hef unnið með á ferlinum.**
>
> Rúnar Sigtryggsson



Rúnar fylgist með á hliðarlínunni er hann stýrði Balingen í Þýskalandi.

Metnaðurinn er mikill í Garðabænum og Rúnar vonast til að geta komið Stjörnunni nær bestu liðum landsins.

„Forráðamennirnir stefna hærra og ég held að leikmennirnir vilji það líka. Það er mikilvægt að allir gangi í takt. Við þurfum að leggja aðeins meira á okkur,“ segir Rúnar.

Akureyringurinn hefur fylgst með deildinni hér heima og er, eins og flestir, á því að hún sé sífellt að styrkjast.

„Ég hef séð nokkra leiki í vetur og ég held að það sé rétt að það eru meiri gæði í henni en oft áður og þetta er allt á réttri leið,“ segir Rúnar sem kemur til landsins á næstu dögum og hittir verðandi lærisveina sína. Í sumar er svo komið að því að flytja heim til Íslands á ný.

ingvithor@frettabladid.is


LÝKUR UM HELGINA

SÓFA TAX FREE

Allir sófar á taxfree tilboði*



NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

KIRUNA
Horntungusófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm
145.153 kr.
~~179.990 kr.~~



FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Ljósgrátt, dökkgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 260 × 170 × 87 cm
137.089 kr. ~~169.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og jafngildir 19,35% afslætti.
Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100






Alþjóðleg ráðstefna föstudaginn 27. apríl í Veröld, húsi Vigdísar.

Sex erlendir fyrirlesarar fjalla um fjölbreyttar leiðir til að tryggja vernd samhliða hagnýtingu náttúrugæða og menningararfs.

Skráning stendur yfir á hrifandi.is

VERNDARSVÆÐI & ÞRÓUN BYGGÐAR



ÁSKRIFTARTILBOÐ




5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect á aðeins

9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Garðar Guðjónsson**
Tröllakór 2-4, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
21. apríl síðastliðinn.
Jarðsungið verður frá Lindakirkju
mánudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

**Guðlaug Sigríður Haraldsdóttir**
**Þóra Björg Garðarsdóttir**
**Guðjón Garðarsson** — **Guðrún Friðþjófsdóttir**
**Jón Sigurður Garðarsson** — **Anna S. Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur sambýlismaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Halldór Gunnar Pálsson**
frá Hnífsdal,

lést miðvikudaginn 18. apríl.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju
föstudaginn 11. maí kl. 13.00.

**Birna Sigurðardóttir**
**Ingimar Halldórsson** — **Kristín Karlsdóttir**
**Páll Halldórsson** — **Jóhanna Hafsteinsdóttir**
**Guðrún G. Halldórsdóttir** — **Stefán Jónsson**
**Dagmar Halldórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ólöf Þóranna Hannesdóttir**
frá Neskaupstað,
til heimilis að Boðaþingi 22,

andaðist á líknardeild Landspítalans,
Kópavogi, miðvikudaginn 18. apríl 2018.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn
30. apríl klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hennar er bent á Rauða kross Íslands
eða líknardeild Landspítalans, Kópavogi.

**Hanna Sigr. Jósafatsdóttir** — **Hannes Fr. Guðmundsson**
**Atli Már Jósafatsson** — **Andrea Þormar**
**Karl H. Jósafatsson** — **Hrafnhildur Steinarsdóttir**
**Birgir Þór Jósafatsson** — **Jóhanna Harðardóttir**
**Smári Jósafatsson**
**Ívar T. Jósafatsson** — **Arna Kristjánsdóttir**
**Friðrik Jósafatsson** — **Freyja Friðbjarnardóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Dagmar Svala Runólfsdóttir**
Krosshömrum 5, Reykjavík,

andaðist þriðjudaginn 17. apríl sl.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju
mánudaginn 30. apríl klukkan 13.

**Guðjón Sigurbergsson**
**Rúnar Ingi Guðjónsson** — **María Guðmundsdóttir**
**Ómar Guðjónsson** — **Kelli Arenburg**
**og fjölskylda.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún T. Jónsdóttir**
lyfjafræðingur,
Bjarmalandi 21, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
þriðjudaginn 10. apríl. Útförin fer fram
frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 26. apríl klukkan 13.

**Ingólfur Lilliendahl**
**Kristján Lilliendahl** — **Guðrún Marinósdóttir**
**Guðný Lilliendahl**
**Kjartan Lilliendahl** — **Sigríður Bragadóttir**
**Hörður Lilliendahl** — **Elva Bredahl Brynjarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Þær Erla Dóra Vogler og Eva Þyri Hilmarsdóttir ræsa tónleikaröðina í gang á sunnudaginn í Iðnó.**

# Konur spila klassíska tóna

**KÍTÓN stendur fyrir sinni fyrstu klassísku tónleikaröð og hefst hún á sunnudaginn. Þá munu Erla Dóra Vogler og Eva Þyri Hilmarsdóttir flytja sönglög eftir Jórunni Viðar.**

KÍTÓN hefur staðið fyrir mörgum uppákomum og tónleikum en þetta er í fyrsta sinn sem félagið stendur fyrir klassískri tónleikaröð. Við förum í samstarf við Iðnó þar sem fernir tónleikar verða haldnir í hátíðarsalnum og svo verða líka fernir tónleikar haldnir í Hofi á Akureyri. Þetta verður sem sagt sama prógrammið á báðum stöðum. Við byrjum á þessum fjórum skiptum núna í apríl, maí og júní,“ segir Lára Sóley Jóhannsdóttir hjá KÍTÓN.

„Tilgangur félagsins er að efla samstöðu og sýnileika meðal kvenna þvert á allar stefnur og þess vegna langaði okkur að gera klassíkinni svolítið hátt undir höfði.“

Og á sunnudaginn næsta verða fyrstu tónleikarnir haldnir. Þá munu þær Erla Dóra Vogler mezzósópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari flytja sönglög eftir Jórunni Viðar – hún hefði orðið hundrað ára á þessu ári. Jórunn er meðal dáðustu tónskálda þjóðarinnar og var fyrsta íslenska konan með próf í tónsmíðum og eina konan í Tónskáldafélagi Íslands í um tvo áratugi. Hún var frumkvöðull að mörgu leyti og samdi meðal annars fyrsta píanókonsertinn í fullri lengd hér á landi, fyrsta ballettinn og var fyrst Íslendinga til að semja kvikmyndatónlist.

Miðasala á tónleikana fer fram á tix.is. Tónleikarnir fara fram eins og áður segir í Iðnó þann 29. apríl og svo síðar í Hofi, eða þann 6. maí. **stefanthor@frettabladid.is**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Þórður Þórðar Kristjánsson**
húsasmíðameistari,

lést á Landakoti mánudaginn 16. apríl.
Útför hans fer fram frá Áskirkju
fimmtudaginn 26. apríl kl. 15.00.

**Ómar Þórðarson** — **Friðgerður B. Friðgeirsdóttir**
**Kristján Þórðarson** — **Guðrún G. Þórarinsdóttir**
**Helga Þórðardóttir** — **Kristján Guðmundsson**
**Unnur Þórðardóttir** — **Valdimar Erlingsson**
**og aðrir afkomendur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
dóttir, systir og amma,

**Guðný Linda Óladóttir**
Eskivöllum 21b,

lést á Landspítalanum á Hringbraut
17. apríl. Útför hennar fer fram frá
Neskirkju föstudaginn 27. apríl klukkan 13.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hennar er bent á Samtök lungnasjúklinga.

**Markús Hallgrímsson**
**Hallgrímur Markússon**
**Magnea Sif Markúsdóttir**
**fjölskylda og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður,
faðir, sonur og bróðir,

**Atli Már Geirsson**

lést 10. apríl. Útförin fer fram frá
Grafarvogskirkju fimmtudaginn
26. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar
vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu
minnast hans er bent á styrktarreikninga dætra hans:
Unnur Arna Atladóttir kt. 071117-2780, 0162-18-010457
Alda Karen Atladóttir kt. 071117-2510, 0162-18-010456

**Viktoría Guðmundsdóttir**
**Unnur Arna Atladóttir** — **Alda Karen Atladóttir**
**Geir Hlöðver Ericsson** — **Aldís Fönn Stefánsdóttir**
**Unnur Ingibjörg Gísladóttir** — **Sveinn Viðfjörð Aðalgeirsson**
**Björg Thorberg**
**Guðmundur Stefán Gíslason**
**Íris Arna Geirsdóttir** — **Kristján Kröyer Þorsteinsson**
**Stefán Geir Geirsson**
**Geir Thorberg Geirsson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, sonur,
tengdasonur, faðir,
tengdafaðir, afi og bróðir,

**Eyþór Karlsson**
Seljahlíð 5b,
Akureyri,

sem lést föstudaginn 13. apríl,
verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn
27. apríl kl. 13.30.

**Ragnheiður Antonsdóttir**
**Karl Jóhannsson**
**Ragnheiður Kristinsdóttir**
**Anton Kr. Stefánsson** — **Bryndís Björk Reynisdóttir**
**Eva Birgitta Eyþórsdóttir** — **Matti Ósvald Stefánsson**
**Adam Þór Eyþórsson**
**Reynir Karlsson** — **Anna Sigríður Halldórsdóttir**
**Heimir Karlsson** — **Elfa Hauksdóttir**
**og barnabörn.**

# GLAMOUR

## BRÚÐKAUPSBLAÐ GLAMOUR
Allt sem þú þarft að vita um brúðkaup!



**Hefðirnar** afhverju erum við með brúðarvönd og hver er tilgangurinn með slörinu?

Vefblað




100
BLAÐSÍÐUR
um stóra daginn,
*veisluna, fötin, förðunina, hárið, skipulagið, skreytingar og brúðkaupsferðina.*




Topp
5
VÖRUR
*fyrir brúðkaupið*
*Augun, húðin, hárið, varirnar, líkaminn*









**Hildur Erla Gísladóttir** ljósmyndari hefur myndað ófá brúðkaup og er góð í að fanga réttu augnablikin. Hún lumar á góðum ráðum fyrir brúðarmyndatökuna.

***Lestu blaðið* FRÍTT á GLAMOUR.IS**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðlæg eða breytileg átt, 5-13 m/s, hvassast V-lands. Skúrir S-til á landinu, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti frá frostmarki í innsveitum norðaustanlands, upp í 8 stig suðvestan til að deginum.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 0° | 1° |
| ↘ 4 | ← 3 | ← 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | 0° |
| ↓ 4 | ↙ 6 | ↑ 4 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 1° |
| ↓ 5 | ↖ 4 | ↙ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 4° | -2° |
| ↓ 4 | ← 7 | ↓ 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. got
5. útgerðarstaður
6. klaki
8. rýrna
10. tveir eins
11. sjáðu
12. mjög
13. slæma
15. mælieining
17. snáða

**LÓÐRÉTT**
1. hversu
2. grastegund
3. máleining
4. sérgæði
7. harðna
9. jarðbik
12. heila
14. gums
16. pot




**LÁRÉTT:** 1. hrogn, 5. ver, 6. ís, 8. eyðast, 10. rr, 11. sko, 12. afar, 13. illa, 15. gallon, 17. patta.
**LÓÐRÉTT:** 1. hvernig, 2. reyr, 3. orð, 4. níska, 7. storkna, 9. asfalt, 12. alla, 14. lap, 16. ot.

## Skák Gunnar Björnsson

Árni Ármann Árnason (2.089) átti leik gegn Jóni Árna Halldórssyni (2.147) á Íslandsmóti skákfélaga

**Hvítur á leik**

**27. Dxg7+! Rxg7 28. Rh6+ Kh8 29. Rxf7+ Kg8 30. Rf7+ ½-½.** Topalov er efstur í Shamkir og Sam Shankland er mjög óvænt efstur á bandaríska meistaramótinu í skák.

**www.skak.is:** Erlend ofurmót.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

Hvar@frettabladid.is

## 25. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Richard Andersson NOR á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans kemur fram tríó NOR. Meðlimir þess eru bassaleikarinn og tónskáldið Richard Andersson, saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og trommuleikarinn Matthías MD Hemstock. Þegar Richard Andersson flutti til Reykjavíkur árið 2013 hóf hann samstarf við Óskar og Matthías og síðan þá hefur tríóið haldið fjölda tónleika á Íslandi, Danmörku og Færeyjum með efnisskrá sem samanstendur af frumsömdu efni. Tríóið gaf út samnefnda hljómskífu vorið 2017. Nú, ári síðar, mun tríóið leika nýtt efni sem verður gefið út í haust.

**Hvað?** Rock for a cause – Styrktartónleikar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Í kvöld fara fram í Hard Rock kjallaranum tónleikar til styrktar Bláum apríl sem er styrktarfélag barna með einhverfu. Fram koma: Teitur Magnússon (IS), Miss Naivety (RU), Stuntbird (IS) og Dread Lightly (IS).

**Hvað?** Skúli mennski í Djúpinu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Veitingahúsið Hornið, Hafnarstræti
Veitingastaðurinn Hornið við Hafnarstræti hefur að geyma huggulegan kjallara sem heitir Djúpið. Þar er gott að sitja og gæða sér á tónlist. Þetta eru fyrstu tónleikar Skúla sem af er árs. Það er frítt inn en listamaðurinn stólar á frjáls framlög í massavís.

**Hvað?** Markús Bjarnason & Árni Vil á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Markús Bjarnason (Markús & The Diversion Sessions / Stroff / Skátar / Sofandi) fagnar útgáfu lagsins „Seinasta tegundin“ með tónleikum ásamt alkemistunum á Húrra. Markús er að vinna í næstu plötu og flytur talsvert af nýju efni á tónleikunum. Árni Vil kemur fram ásamt hljómsveit og flytur efni af væntanlegri breiðskífu, Slightly Hungry, en nýlega kom út lagið Stay the Same og myndband við sama lag. Á næstunni munu tvö ný lög ásamt myndböndum einnig koma út.



Skúli mennski tekur lagið í Djúpinu, kjallara veitingastaðarins Hornsins, í kvöld.

### Viðburðir

**Hvað?** Vatnið í náttúru Íslands, erindi Hilmars Malmquist
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs
Í erindinu mun Hilmar Malmquist segja frá undirbúningi sýningar á vegum Náttúruminjasafnsins í Perlunni. Um er að ræða sérsýningu þar sem meginviðfangsefnið verður ferskvatn og lífríki þess. Stefnt er að opnun sýningarinnar 1. desember nk. og er vinna í verkefninu komin vel af stað. Opnunin markar merk tímamót í sögu safnsins en lengi hefur verið barist fyrir viðunandi sýningaraðstöðu fyrir þetta höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum. Þetta yrði fyrsta sýningin sem Náttúruminjasafnið stendur að sjálft og setur upp á eigin vegum í tíu ára sögu sinni. Erindið er liður í dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi, Menning á miðvikudögum, sem fer fram í viku hverri.

**Hvað?** Beinagrindurnar í skápnum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Neskirkja
Sigrún Margrét Guðmundsdóttir verður með erindi hjá Félagi íslenskra fræða. Í fyrirlestrinum verður rætt um íslenskar hrollvekjur í nútímaskilningi, mögulegt upphaf þeirra og útgáfubrautir. Frá árinu 1897 og fram á miðja tuttugustu öld kom út fjöldi hrollvekja í dagblöðum og tímaritum á borð við Eimreiðina og Iðunni, Heimilisritið og Hjartaásinn. Sagt verður frá völdum sögum, bæði eftir óþekkta höfunda og þá sem eru betur þekktir fyrir annars konar skrif.




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Doktor Proktor & tímabaðkarið | 18:00 |
| Cicha Noc ENG SUB | 18:00 |
| Doktor Proktor & Prumpuduftið | 18:00 |
| A Gentle Creature | 20:00, 22:00 |
| Loving Vincent | 20:00 |
| Pitbull Ostatni Pies ENG SUB | 20:00 |
| Adam | 23:00 |
| Hleyptu sól í hjartað | 22:30 |



ISI ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL

AÐALFUNDUR

ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL HF.

verður haldinn þann 17. maí 2018 kl.9.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík

**Dagskrá Fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á árinu 2017
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
6. Kosning stjórnar félagsins
7. Kosning endurskoðanda félagsins
8. Tillaga stjórnar um heimild til hækkunar á hlutafé félagsins auk breytinga á samþykktum félagsins til samræmis
9. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Fundarboðið í heild sinni hefur verið birt í rafrænu upplýsingarkerfi Kauphallarinnar

**Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins eru aðgengilegar á vefsíðufélagsins; http://www.icelandseafood.com/Investors**

Blekhylki.is



Ódýr blekhylki og tónerar!

Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind




Slakaðu á með Slökun



Einkenni magnesíumskorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur

Mamma Veit Best HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**THE DETAIL**
KL. 21:00
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum eins og heimilinu.

Magnaður
**Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:15
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**NASHVILLE**
KL. 22:45
Frábærir þættir um kántrí-söngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu.



**THE GIRLFRIEND EXPERIENCE**
KL. 22:25
Sagðar eru tvær sögur samhliða og fylgjumst við með þeim sitt á hvað. Önnur sagan gerist í Washington en hin í Nýju-Mexíkó.



**MAGGIE**
KL. 22:00
Spennumynd með Arnold Schwarzenegger og Abigail Breslin um unga konu sem smitast af sjúkdómi sem breytir henni smám saman í uppvakning.



**FLASH**
KL. 21:15
Hörkuspennandi þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er í raun ofurhetja og getur ferðast um á ótrúlegum hraða.



Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**




## STÖÐ 2

**07.00** **The Simpsons**
**07.20** **Lína langsokkur**
**07.45** **Strákarnir**
**08.05** **The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **Grand Designs**
**11.05** **Spurningabomban**
**11.55** **Gulli byggir**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Fósturbörn**
**13.25** **Heilsugengið**
**13.50** **Project Runway**
**14.40** **Major Crimes**
**15.25** **The Path**
**16.15** **The Night Shift**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Fréttayfirlit og veður**
**19.25** **Mom**
**19.45** **About Three Years Later**
**20.10** **Grey's Anatomy**
**20.55** **Pilot - Wake Up Call**
**21.40** **Nashville**
**22.25** **The Girlfriend Experience** Önnur syrpa þessara dramatísku þátta. Sagðar eru tvær sögur samhliða og fylgjumst við með þeim sitt á hvað. Önnur sagan gerist í Washington og segir frá Ericu Myles sem vinnur sem fjármálastjóri í pólitískri aðgerðanefnd í miðjum þingkosningum. Hún ákveður að fara óhefðbundnar fjáröflunarleiðir og stefnir um leið lífi sínu og starfi í hættu. Hin sagan gerist í Nýja-Mexíkó og fjallar um fyrrverandi fylgdardömuna Briu Jones sem er í vitnavernd ásamt dóttur sinni. Þegar henni býðst starf í sömu starfsgrein og áður setur það öryggi þeirra beggja í uppnám. Fyrsta sería er aðgengileg í heild sinni inni á Stöð 2 Maraþon Now
**22.55** **Deception**
**23.40** **NCIS**
**01.10** **Here and Now**
**02.05** **Ballers**
**02.35** **Lights Out**
**03.55** **Shameless**
**04.50** **Shameless**
**05.45** **The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.55** **Meistaradeildarmörkin**
**09.25** **ÍBV - Haukar**
**10.55** **Spænsku mörkin**
**11.25** **Haukar - Valur**
**13.05** **Domino's-körfuboltakvöld**
**13.35** **Liverpool - Roma**
**15.15** **Meistaradeildarmörkin**
**15.45** **ÍBV - Haukar**
**18.15** **Meistaradeildarupphitun**
**18.40** **Bayern München - Real Madrid**
**20.45** **Meistaradeildarmörkin**
**21.15** **Pepsi-deildin 2018 - Upphitun**
**22.55** **Tindastóll - KR**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** **Messan**
**08.25** **Manchester City - Swansea**
**10.05** **WBA - Liverpool**
**11.45** **Stoke - Burnley**
**13.25** **Messan**
**14.55** **FA Cup**
**16.35** **FA Cup**
**18.15** **Ensku bikarmörkin**
**18.45** **Tindastóll - KR**
**21.00** **Domino's-körfuboltakvöld**
**21.30** **Bayern München - Real Madrid**
**23.20** **Selfoss - FH**

## STÖÐ 3

**19.10** **Baby Daddy**
**19.35** **Anger Management**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **Stelpurnar**
**21.15** **Flash**
**22.00** **Legends of Tomorrow**
**22.45** **Krypton**
**23.30** **Arrow**
**01.00** **Anger Management**
**01.25** **Baby Daddy**
**01.50** **Seinfeld**
**02.15** **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00** **Strumparnir**
**08.25** **Hvellur keppnisbíll**
**08.37** **Ævintýraferðin**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **Stóri og Litli**
**09.13** **Tindur**
**09.27** **Zigby**
**09.38** **Mæja býfluga**
**09.50** **Kormákur**
**10.00** **Könnuðurinn Dóra**
**10.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00** **Strumparnir**
**12.25** **Hvellur keppnisbíll**
**12.37** **Ævintýraferðin**
**12.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **Stóri og Litli**
**13.13** **Tindur**
**13.27** **Zigby**
**13.38** **Mæja býfluga**
**13.50** **Kormákur**
**14.00** **Könnuðurinn Dóra**
**14.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00** **Strumparnir**
**16.25** **Hvellur keppnisbíll**
**16.37** **Ævintýraferðin**
**16.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **Stóri og Litli**
**17.13** **Tindur**
**17.27** **Zigby**
**17.38** **Mæja býfluga**
**17.50** **Kormákur**
**18.00** **Könnuðurinn Dóra**
**18.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00** **Elías og fjársjóðsleitin**

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Valero Texas Open**
**13.00** **Golfing World**
**13.50** **Valero Texas Open**
**18.50** **Golfing World**
**19.40** **Champions Tour Highlights**
**20.35** **Golfing World**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25** **The Citizen**
**14.05** **Along Came Polly**
**15.35** **Emma's Chance**
**17.10** **The Citizen**
**18.50** **Along Came Polly** Rómantísk gamanmynd frá 2004 með Ben Stiller og Jennifer Aniston. Ráðgjafinn Reuben Feffer vill alltaf hafa hlutina á hreinu. Allt fer því skiljanlega í rúst þegar eiginkonan heldur fram hjá honum í brúðkaupsferðinni! En mitt í raunum Reubens kemur gömu skólasystir, Polly, fram á sjónarsviðið. Hún er af allt öðru sauðahúsi og ljóst að nú verður Reuben að taka áhættu í fyrsta skipti í lífinu.
**20.25** **Emma's Chance**
**22.00** **Maggie**
**23.35** **Salt**
**02.55** **Maggie**

## RÚV

**16.30** **Ljósan**
**16.50** **Leiðin á HM**
**17.20** **Orðbragð**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Babar**
**18.22** **Ormagöng**
**18.27** **Sanjay og Craig**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Vikinglotto**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.50** **Menningin**
**20.00** **Skólahreysti**
**20.30** **Kiljan**
**21.15** **Neyðarvaktin**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.20** **Nauðgun í hernaði**
**23.25** **Kveikur**
**00.00** **Kastljós**
**00.15** **Menningin**
**00.20** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **King of Queens**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.45** **The Late Late Show with James Corden**
**10.25** **Síminn + Spotify**
**12.50** **Dr. Phil**
**13.30** **Speechless**
**13.55** **Will & Grace**
**14.15** **Strúktúr**
**14.45** **The Mick**
**15.10** **Man With a Plan**
**15.35** **Kokkaflakk**
**16.15** **Everybody Loves Raymond**
**16.40** **King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00** **The Late Late Show with James Corden**
**19.45** **American Housewife**
**20.10** **Survivor**
**21.00** **Chicago Med**
**21.50** **Bull**
**22.35** **American Crime**
**23.25** **The Handmaid's Tale**
**00.50** **The Late Late Show with James Corden**
**01.30** **Touch**
**02.15** **The Catch**
**03.00** **Station 19**
**03.50** **Scandal**
**04.35** **Mr. Robot**
**05.25** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Hamborgarinn: konungur grillsins



Hamborgarinn er fullkomnun hugtaksins þægindamatur og grillið er hentugasta tólið til að matbúa þennan dýrindisrétt. Hamborgarinn er einfaldur en þó þarf að hafa ýmislegt í huga þegar hann er settur saman.

## Grænmetisborgarinn

Stóri kosturinn við grænmetisborgarann er sá að á bak við er í raun bara ákveðin formúla sem svo er hægt að fylla upp í með nánast endalausum samsetningum.
**Formúlan er einföld og hægt að vinna endalaust með hana:**

- Grunnur
- Bindiefni
- Krydd

Gallinn er sá að sumar samsetningarnar tolla ekki eins vel saman og aðrar – en til að geta grillast vel má borgarinn alls ekki detta í sundur og þá er gott að byggja hann á öflugum grunni.
**Dæmi um borgara sem helst vel saman og hentar á grillið:**

**1 bolli af elduðum brúnum hrísgrjónum**
**1 bolli af valhnetum**
**Hálfur laukur**
**1½ bolli af svörtum baunum**
**Panko brauðrasp**
**3-4 matskeiðar vegan BBQ-sósa**
**Ein matskeið af hverju: chili-dufti, cumin, papriku og lífrænum púðursykri eða pálmasykri**
**Salt og pipar og olía til steikingar**

Fyrst er að elda hrísgrjónin og rista valhneturnar. Næst skellir maður olíu á pönnuna og lauknum sem krydda skal með salti og pipar og steikja þangað til hann er tilbúinn.

Þegar hneturnar eru orðnar kaldar skal mala þær í duft í matvinnsluvél ásamt kryddunum og sykrinum.

Þurrka skal af svörtu baununum og þær kramdar í skál. Það má endilega skilja nokkrar baunir eftir heilar.

Nú skal blanda öllu heila klabbinu saman í skál auk BBQ-sósunnar og raspsins. Ef blandan er of þurr þá er um að gera að bæta við BBQ-sósu en ef hún er of blaut er það bara meira rasp.

Mótið blönduna í sirka fimm hamborgara og skellið á grillið.









## Kjötborgarinn

Klassískur hamborgari er í raun ekki mjög flókin framleiðsla og snýst aðallega um hlutfall kjöts og fitu. Hann má alls ekki vera of fitusnauður því að þá verður hann bara að þurru bulli sem engum finnst gott. Það er gott að miða við 20% fituinnihald eða jafnvel 25%-30% fyrir þá sem vilja „sveittari“ hamborgara.

Oft er talað um að besta stærðin á hamborgara sé í kringum 170 grömm. Þá er auðveldlega hægt að grilla hann „medium rare“.

Það er best að handleika kjötið sem allra minnst því að það bindur það saman sem veldur því að það verður ekki eins safaríkt – fitan lekur úr að ofan eða að neðan í stað þess að tolla innan í hamborgaranum. Best er að móta hann með hamborgarapressu.

Rétt byggður hamborgari ætti ekki að þurfa annað krydd en bara salt og pipar. Hins vegar er það auðvitað bara smekksatriði hvers og eins. Einnig ætti ekki að þurfa neina olíu ef fituhlutföllin eru rétt.

stefanthor@frettabladid.is

Við erum eldsnöggir að skoða bílinn!




# Bílinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS AL 19 2019 884

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is



VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is



VÉLABORG



JUNGHEINRICH
lyftarar og hillukerfi

www.velaborg.is velaborg@velaborg.is s. 414 8600



Verkfæri í miklu úrvali



ViAir 12V loftdælur í miklu úvali.

Jeppatjakkur 2.25t 52cm. 17.995

METABO Bútsög KS216 16.995

Verðmætaskápar frá 4.995

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Basel Roma

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is






**Gítargoðsögnin Slash og leðurbarkinn Axl Rose á tónleikum í Madison Square Garden í fyrra. Þeir byrjuðu að túra árið 2016 og hefur túrinn þegar rakað inn um 475 milljónum dollara.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Guns N' Roses liðar verða eftir og njóta Íslands



Tónleika Guns N' Roses á Laugardalsvelli er beðið með eftirvæntingu samkvæmt samfélagsmiðlum. Tónleikahaldari segir að allar líkur séu á að Slash, Axl Rose, Duff McKagan og föruneyti þeirra muni njóta landsins enda séu þetta síðustu tónleikar hljómsveitarinnar.

Eigi að prófa að halda svona tónleika, núna þegar á að fara að breyta vellinum, þá held ég að það sé ekki til betri prófsteinn en þessir tónleikar," segir Jón Bjarni Steinsson, einn af þeim sem standa að stórtónleikum Guns N' Roses í júlí.

Þetta verða síðustu tónleikar sveitarinnar í Not in This Lifetime tónleikatúrnum en hann er orðinn fjórði stærsti tónleikatúr allra tíma. Túrinn hefur halað inn meira en 475 milljónir dollara en írsku poppprinsarnir í U2 eiga stærsta tónleikatúr allra tíma. 360° túr þeirra árin 2009-2011 halaði inn 736 milljónir dollara. Ellismellirnir í Rolling Stones höluðu inn 558 milljónir dollara á Bigger Bang túrnum og Coldplay er í þriðja sæti með A Head Full of Dreams sem rakaði inn 523 milljónum dollara samkvæmt Billboard.

Þegar Guns N' Roses slær lokatóninn á Íslandi lýkur um tveggja ára túr hljómsveitarinnar um heiminn. Jón segir að þeir sem standa að tónleikunum hafi bent hljómsveitinni á að hér sé lón, hér séu fossar og hér sé góður staður til að slaka á og hvíla lúin bein. „Við reiknum með því að þeir verði áfram hér á landi. Þetta eru síðustu tónleikarnir á um tveggja ára túr og það er kannski eðlilegt að þeir vilji slaka á. Kíkja jafnvel í einhver lón. En við sjáum ekki um það."

Hann segir að Laugardalsvöllurinn einn og sér rúmi um 20 þúsund áhorfendur fyrir utan stúkurnar sem taki um 10 þúsund manns. Ekki verði selt í nokkur hólf þar sem þeir sem sitja í þeim sætum sjá ekki sviðið sem verður þar sem vallarklukkan er. Sviðið kemur í 15 gámum en alls munu koma um 35 gámar til landsins vegna tónleikanna. Hann boðar frekari tilkynningu um skipulag og annað síðar í vikunni.

„Völlurinn þolir 20 þúsund manns en við förum ekki þangað út af öryggi og fleiru auk þess sem við erum að gera þetta í fyrsta sinn. En ef það eru einhverjir sem geta gert þetta þá erum það við. Hljómsveitin er svo með um 150 manna teymi sem er vant því að setja upp og taka niður svona tónleika," segir hann.

**benediktboas@365.is**

## Þriggja klukkustunda prógramm



Hafliði Breiðfjörð, ritstjóri fótbolti.net, er forfallinn aðdáandi hljómsveitarinnar og segir að frá því að þeir Slash, Axl Rose og Duff McKagan komu aftur í bandið hafi það orðið stórkostlegt á ný.

Hann sá sveitina spila í París í fyrra og spilaði hún í sleitulaust í rúma þrjá klukkutíma.

„Það var geggjað. Gjörsamlega geggjað," segir Hafliði og brosir út að eyrum. Hann getur varla leynt spenningnum og þó að hann sé að fara á HM í Rússlandi þá er hann fullur tilhlökkunar. „Kannski verða þetta síðustu tónleikar þeirra. Hver veit. Ég ætlaði að fara til Ósló eða Gautaborgar að sjá þá en nú bíð ég bara eftir þeim á mínum heimavelli."

## Kröfur hljómsveitarinnar baksviðs



Eins og venjan er eru hljómsveitarmeðlimir með ýmsar kröfur fyrir sig og sína fyrir og eftir tónleika. Þegar tilkynnt var um tónleika Guns N' Roses í Slane-kastalanum í maí í fyrra komst baksviðslistinn í fréttirnar. Ástæðan var að þegar hljómsveitin spilaði þar árið 1992 var listinn töluvert frábrugðinn. Þá var orðspor hljómsveitarinnar frekar slæmt.

Árið 1992 vildi hljómsveitin meðal annars fá kassa af Jack Daniel's-viskíi og kassa af vodka ásamt alls konar óhollustu. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og á tónleikunum í fyrra var baksviðið allt án áfengis. Þá vilja stjörnurnar, Axl Rose, Slash og Duff McKagan, fá sitt búningsherbergið hver. Í staðinn fyrir áfengið voru komnar kröfur um steik og pasta og almenna hollustu. Þá vildi McKagan fá aðstöðu til að iðka Bikram-jóga.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*


Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum
Finndu okkur
á facebook
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**
Davíðs Þorlákssonar



## Messað yfir kórnum

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti kosningaloforð sín hinn 14. apríl. Fólkið er nýtt, en hugmyndirnar kunnuglegar; útþensla byggðar og fleiri bílamannvirki. Hins vegar vantar mál sem ætti alltaf að vera á stefnuskrá flokksins – skattalækkanir. Eina skattalækkunin sem var nefnd er afnám fasteignagjalda á eldri borgara. Það er sérstakt í ljósi þess að tekjulágir eldri borgarar fá afslátt af fasteignagjöldum. Gert er ráð fyrir að skatttekjur Reykjavíkurborgar verði 27% hærri í ár en þær voru fyrsta ár kjörtímabilsins. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 7%. Það væri því nægt svigrúm til skattalækkana ef borgin væri vel rekin.

Nýleg könnun Félagsvísindastofnunar sýnir mikinn mun á fylgi flokksins eftir kynjum, hverfum og aldri. Um 8% kvenna í Vesturbæ ætla að kjósa flokkinn á meðan 49% karla í Árbæ ætla að gera það. Um 33% fólks á aldrinum 45-59 ára ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en bara 21% fólks 30-44 ára. Í heildina ætla 27,4% að kjósa flokkinn. Það er aðeins hærra en þau 25,7% sem flokkurinn fékk í síðustu kosningum, sem þó var versta útkoma í sögu hans.

Sóknartækifæri flokksins liggja því hjá ungu fólki og konum sem búa miðsvæðis. Flokkurinn hefur samt síðustu ár aðallega verið að tala til eldri karla í úthverfum. Eldri maðurinn í Árbæ er eflaust kattsáttur við afnám fasteignagjalda á sig. Unga konan í Vesturbænum er líklega ekki sannfærð. Borgarfulltrúum flokksins virðist hafa verið meira umhugað um að vinna næsta prófkjör en næstu kosningar. Vonandi bera nýir frambjóðendur gæfu til þess að breyta því.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

MARKAÐURINN
Fyrst og fremst viðskiptafréttir



Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum




*Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur samkvæmt WOW air og gisting. Verð þessi gilda dagana 25. apríl - 7. maí 2018. ATH takmarkað sætaframboð.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air

Gaman Ferðir